FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

297. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 18. DESEMBER 2017

Örtröð myndaðist í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær þegar verkfallsaðgerðir Flugvirkjafélags Íslands hófust af fullum þunga. Icelandair þurfti að aflýsa ferðum til og frá 12 áfangastöðum og líklegt er að einhver röskun verði á flugi í dag. Strandaglópar í flugstöðinni fóru margir hörðum orðum um viðbrögð Icelandair við verkfallinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Meint verkfallsbrot tekin til skoðunar

Þúsundir farþega voru strandaglópar í flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær vegna verkfalls flugvirkja Icelandair. Grunur leikur á að gengið hafi verið í störf flugvirkja.

KJARAMÁL Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að verkfallsbrot hafi verið framin í gærmorgun, þegar vinnustöðvun flugvirkja hófst. Þetta herma heimildir frá nokkrum stéttum sem starfa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Meint verkfallsbrot, sem verða rannsökuð, beinast ekki að liðsmönnum Flugvirkjafélags Íslands. Meðal þess sem verður tekið til skoðunar er hvort gengið hafi verið í störf flugvirkja á meðan á verkfalli stóð.

Deila flugvirkja og Icelandair hafði mjakast lítillega áfram í átt að samkomulagi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Deiluaðilar vildu að öðru leyti lítið um málið segja eða hvort samkomulag væri í sjónmáli. Fundur stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Verkfall flugvirkja sem starfa hjá Icelandair hófst í gærmorgun klukkan 06.00. Verkfallið setti flug félagsins úr skorðum og varð gífurleg seinkun á fyrirhuguðum brottfarartímum auk þess sem tugum flugferða var aflýst.

„Þetta var náttúrulega erfiður dagur og mikil röskun á flugi eins og allir hafa áttað sig á. Það fór allur dagurinn í það að reyna að leita lausna fyrir þá farþega sem lentu í þessu. Það hefur gengið ágætlega og búið er að leysa úr málum langflestra," segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. „Þeir sem voru strandaglópar í dag ættu að komast áleiðis í síðasta lagi í fyrramálið."

Mikil röð myndaðist á Keflavíkurflugvelli í gær og voru dæmi um að sumir farþegar hefðu beðið í tíu klukkustundir eftir því að koma málum sínum í réttan farveg. Guðjón segir að langflestir hafi notið aðstoðar í gegnum símaver og samfélagsmiðla.

„Heilt yfir gekk þetta ágætlega en þetta tekur mikinn tíma. Hver og einn þarf sína lausn og þá fylgir það óhjákvæmilega að fólki finnst skorta á upplýsingar og þetta taki og langan tíma," segir Guðjón. **– jóe**

Riða greinist í Svarfaðardal

LANDBÚNAÐUR Fimmtánda staðfesta riðutilfellið á jafn mörgum árum hefur verið staðfest. Sjúkdómurinn greindist nú í Svarfaðardal í Eyjafirði á bænum Urðum en riða greindist þar síðast árið 2003. Þá þurfti að fella allt fé á bænum.

„Þetta er áfall að fá þessar fréttir," segir Gunnhildur Gylfadóttir, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar. „Fé okkar gengur saman á sumrin og því spyrja bændur sig hvenær riða greinist í þeirra fé."

Riðusmit er mikið áfall fyrir bændur enda þarf að skera allt fé og fara í miklar framkvæmdir til að lágmarka hættu á að smitið komi upp að nýju.

– sa / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SPORT Nýi landsliðsmarkvörðurinn er í skýjunum. 18

LÍFIÐ Hjólagarpurinn Óskar Sæmundsson lýsir sig upp með jólaseríum. 34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Með morgninum dregur vel úr úrkomunni en eftir hádegi byrjar að rigna aftur, þar af talsvert mikið sunnan til í kvöld. Norðaustanlands verður að mestu þurrt þar til í kvöld.
SJÁ SÍÐU 24



Dómsalur 1 í Hæstarétti þegar málflutningur í markaðsmisnotkunarmálinu fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sindri ekki borgunarmaður málskostnaðar

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur lækkað upphæð fjárnáms sem gert var hjá Sindra Sveinssyni, fyrrverandi starfsmanni eiginfjárfestinga Landsbankans, úr rúmum 22 milljónum króna niður í tvær milljónir króna. Úrskurður þess efnis var kveðinn upp í liðinni viku.

Í febrúar á síðasta ári var Sindri dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir þátt sinn í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans. Þá var honum gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Reimars Pétursson, að upphæð rúmlega 22,6 milljónir króna. Reimari var greidd sú upphæð úr ríkissjóði sem síðan hóf að krefja Sindra um endurgreiðslu. Sindri kvaðst ekki vera borgunarmaður fyrir upphæðinni og var því farið fram á að upphæðin yrði sótt með aðför. Það fjárnám reyndist árangurslaust með öllu.

Sindri stefndi gerðarbeiðanda og krafðist þess að krafan yrði lækkuð. Hann haldi látlaust heimili með eiginkonu sinni, greiði af fasteignalánum sínum en húsið sé hins vegar séreign konu hans. Lagði hann fram kaupmála, dagsettan 27. maí 2013, þess efnis. Mál sérstaks saksóknara var hins vegar höfðað með ákæru rúmum tveimur mánuðum fyrr. Þá lagði hann fram gögn sem sýndu að á árunum 2014-15 voru meðaltekjur hans rúmar níu milljónir króna.

Dómari málsins taldi sannað að Sindri væri ekki í stakk búinn til að greiða skuldina. Það tæki hann um tvo áratugi að greiða hana að fullu. Var því fallist á að lækka kröfuna niður í tvær milljónir. **– jóe**

Minntust Klevis Sula

Vinir og aðstandendur Klevis Sula komu saman við Reykjavíkurtjörn í gærkvöld til að minnast hans. Hann var stunginn til bana á Austurvelli aðfaranótt sunnudagsins þriðja desember. Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa orðið honum að bana. Klevis var fæddur þann 31. mars árið 1997 og var því aðeins tvítugur þegar hann lést. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ákærður fyrir gras og byssu

DÓMSTÓLAR Karlmaður sem búsettur er á Árskógssandi í Dalvíkurbyggð hefur verið ákærður fyrir framleiðslu kannabisefna á heimili sínu og fyrir að hafa í fórum sínum ólöglega skammbyssu. Er lögreglan á Norðurlandi eystra kíkti í heimsókn til mannsins um miðjan ágúst síðastliðinn fundust tæplega 75 grömm af maríjúana. Einnig fannst á heimili hans áðurnefnd skammbyssa.

Hald var lagt á efnin auk skotvopnsins. Einnig var í húsnæðinu nokkuð af tækjum og tólum sem nýta má til kannabisframleiðslu að mati ákæruvaldsins, svo sem blásarar, gróðurlampar, loftsíur og annar gróðurhúsabúnaður.

Er þess krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku umrædds búnaðar auk skammbyssunnar. **– sa**

Frumkvöðlar saka ISAVIA um bellibrögð

Fyrirtækið BaseParking segir ISAVIA, í krafti aðstöðu sinnar, gera því lífið leitt með alls konar bellibrögðum. Hefur kvartað til Samkeppniseftirlitsins vegna framferðis ríkisfyrirtækisins sem býður upp á sömu þjónustu og BaseParking.

SAMKEPPNI Fyrirtæki sem sérhæfir sig í að geyma bifreiðar ferðalanga á leið úr landi og skila þeim aftur við heimkomu hefur kvartað undan hátterni ISAVIA til samkeppniseftirlitsins. Segja forsvarsmenn fyrirtækisins að framkoma ISAVIA í garð þeirra stangist á við góða viðskiptahætti og í krafti stærðar sinnar leggi ríkisfyrirtækið stein í götu þeirra við hvert tækifæri.

Ómar Þröstur Hjaltason og Njáll Skarphéðinsson reka fyrirtækið BaseParking ehf. Starfsemi fyrirtækisins felst í því að starfsmenn hitta viðskiptavini sína fyrir framan flugstöð Leifs Eiríkssonar við brottför og taka við bifreið þeirra og aka henni í bílastæði á þeirra vegum við Ásbrú í Reykjanesbæ. Síðan aka þeir bifreiðinni að flugstöðinni og sækja viðkomandi við heimkomu.

„Isavia á og rekur langtímabílastæði við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Eftir að starfsemi BaseParking hófst tók Isavia upp á þeirri nýbreytni að bjóða viðskiptavinum á langtímastæðum upp á að leggja bifreiðum þeirra fyrir þá gegn sérstöku gjaldi," segir í kvörtun BaseParking til samkeppniseftirlitsins sem send var þann 2. nóvember síðastliðinn.

Ómar Þröstur segir þetta hvimleitt að þurfa að standa í stappi við þetta stóra fyrirtæki. Þarna séu bara á ferð tveir menn sem reyni að auka þjónustu við farþega flugvallarins. „Við erum aðeins að bæta þá þjónustu sem fyrir er og auðvelda ferðalöngum sem fara um völlinn lífið. Það ætti í sjálfu sér að vera keppikefli ISAVIA að þjónusta við farþega sé sem mest," segir Ómar Þröstur.

Ómar segir ISAVIA freista þess að leggja stein í götu BaseParking. MYND/ANTON

Ómar bendir einnig á að kjarnastarfsemi ISAVIA er flugvallarrekstur. Fyrirtækið reyni hinsvegar að ýta þeim út til að sitja eitt að þessum markaði. „Þeir eru að leggja stein í götu okkar, það er augljóst. Þeir hafa reynt að reka okkur frá flugstöðvarbyggingunni, reynt að sekta okkur fyrir að nota í mjög skamma stund bílastæði nálægt flugvellinum og svo í ofanálag eru þeir farnir að bjóða upp á nákvæmlega sömu þjónustu og við erum að veita." **sveinn@frettabladid.is**

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Löggæsla efld í fjárlögum en um leið skorið niður í fangelsum

LÖGREGLA Þrátt fyrir áherslu nýrrar ríkisstjórnar á eflingu löggæslunnar er ekki gert ráð fyrir auknu fjárframlagi til fangelsismála í nýju fjárlagafrumvarpi. Þvert á móti er fjárheimild til málaflokksins lækkuð um 2,4 milljónir króna til að mæta aðhaldskröfum.

Lögreglan fær hins vegar aukin fjárframlög og í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er kveðið á um aukna áherslu á rannsóknir kynferðisbrota og styrkingu aðgerða gegn fíkniefnasölum, innflutningi og framleiðslu fíkniefna. Ekki er minnst á fangelsi í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

„Það er alltaf verið að byrja á vitlausum enda," segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga. Hann telur vænlegast til árangurs að vinna gegn síbrotaþróun

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

með aukinni áherslu á betrun og leggur áherslu á að ef eigi að berjast gegn glæpum þurfi að stórauka framlög til fangelsismála ekki síður en til lögreglu. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, tekur í svipaðan streng og Guðmundur Ingi.

„Þegar löggæslan er efld og árangur lögreglu eykst þá hefur það í för með sér aukið álag á fangelsiskerfið, það segir sig sjálft."

Um það bil 580 manns eru á boðunarlista Fangelsismálastofnunar og bíða afplánunar. Unnið hefur verið að því að stytta boðunarlistann, bæði með byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði og með nýjum lögum um fullnustu refsinga sem fjölga úrræðum til afplánunar utan fangelsa, til dæmis með aukinni notkun rafræns eftirlits. Fangelsið á Hólmsheiði er hins vegar ekki í fullri notkun þar sem ekki hefur verið unnt að manna fjögur stöðugildi fangavarða vegna fjárskorts. **– aá**

Heilsugæslan á Akureyri er rekin af HSN. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

HSN kvartar yfir peningaleysi

HEILBRIGÐISMÁL Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) lýsir yfir vonbrigðum með nýútgefið fjárlagafrumvarp. Í þeim auknu fjárframlögum sem ætluð eru til að styrkja rekstur heilbrigðisþjónustu í landinu er sett 20 milljóna króna hagræðingarkrafa á stofnunina.

Heilbrigðisstofnunin sinnir öllu Norðurlandi og eru á fjórða tug þúsunda skjólstæðinga á þessu víðfeðma svæði. „Líkt og annars staðar eru íbúar að eldast og skjólstæðingar veikari þegar þeir útskrifast af sjúkrahúsum. Samkvæmt lýðheilsuvísum landlæknis 2016 og 2017 eru marktækt fleiri íbúar á Norðurlandi sem meta bæði líkamlega og andlega heilsu sína slæma eða lélega samanborið við landsmeðaltal," segir í tilkynningu HSN. **– sa**

Geimveruleit í Pentagon

BANDARÍKIN Bandaríska varnarmálaráðuneytið rannsakaði frásagnir af fljúgandi furðuhlutum á árunum 2007 til 2012. Um 20 milljónum dala var varið í verkefnið. New York Times hefur undir höndum gögn sem tengjast verkefninu þar sem undarlegum flugförum var lýst.

Hvatamaður verkefnisins var þingmaðurinn fyrrverandi Harry Reid en hann hefur lengi verið áhugamaður um framandi líf. Ekki er vitað til þess að verkefnið hafi skilað árangri, enda er margir þættir þess enn stimplaðir sem hernaðarleyndarmál. **– khn**

Nýtt riðusmit í Svarfaðardal reiðarslag fyrir íbúa í sveitinni

Riðutilfelli hefur verið staðfest á bænum Urðum í Svarfaðardal en sveitin hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna riðu síðustu áratugina. Áfall fyrir bændur sem þurfa að skera fé sitt í annað sinn á 15 árum.

LANDBÚNAÐUR Riða hefur að nýju greinst í Svarfaðardal í Eyjafirði og nú í annað sinn á bænum Urðum en fella þurfti allt fé á bænum árið 2003.

Er þetta fimmtánda staðfesta riðutilfellið sem kemur upp á síðustu fimmtán árum. Á þessum tíma hafa sjö tilfelli komið upp í Skagafirði, tvö í Húnaþingi vestra, fjögur á Suðurlandi og tvö tilfelli hafa komið upp í Svarfaðardal.

Riðuveiki hefur leikið sauðfjárrækt í Svarfaðardal afar grátt svo vægt sé til orða tekið. Í lok níunda áratugarins var allt fé í dalnum skorið og var dalurinn fjárlaus í eitt ár. Á sumum bæjum var beðið í þrjú ár með að taka inn nýtt fé til að verjast smiti. Aftur um miðjan tíunda áratuginn komu upp fleiri smit og var fé aftur skorið á fjölda bæja. Síðast var riða staðfest í sveitinni árið 2009 á Dæli í Skíðadal.

Gunnhildur Gylfadóttir, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar og bóndi í Svarfaðardal, segir þetta áfall fyrir alla sveitina.

„Þetta er alltaf reiðarslag," segir Gunnhildur. „Þetta liggur fjandi nálægt hjartanu að fá svona og vekur upp gamla drauga hjá hverjum og einum. Fé okkar allra gengur saman á sumrin og því spyrja bændur sig hvenær riða greinist í þeirra fé."

Hún segir miklar tilfinningar í spilinu. „Þetta er áfall fyrir alla að fá þessar fréttir. En þetta er veruleikinn af því að búa á riðusvæði. Við höfum passað okkur mjög mikið hér í sveitinni og á þeim bæ þar sem riðan greinist nú er allt upp á punkt og prik."

Riðutilfelli sem komið hafa upp á árunum 2006-2017



Riðuveiki er talin hafa borist til Íslands með enskum hrút sem fluttur var í Skagafjörð árið 1878 og hefur frá þeim tíma verið afar erfið viðureignar. Riðuveiki er smitandi heilasjúkdómur og smitast með svokölluðum óheilbrigðum príon próteinum. Um leið og þau komast inn í líkama ósýkts dýrs hefjast prótínin handa við að umbreyta öðrum príon próteinum.

Síðastliðið haust komu upp tvö riðusmit í Skagafirði og þrjú tilfelli eru staðfest árið 2015, bæði í Skagafirði og í Húnaþingi vestra. Smit hefur ekki fundist á Suðurlandi síðan árið 2010.

Ábúendur á Urðum í Svarfaðardal vildu ekki tjá sig um málið við blaðamann þegar eftir því var leitað. Tilfelli sem þetta er mikið áfall og þarf að skera allt fé á bænum og fara í umfangsmiklar framkvæmdir til að lágmarka hættu á að smitið komi upp að nýju. Skipta þarf um jarðveg í kringum útihús, brenna allt timbur í útihúsum og skera allt fé.

sveinn@frettabladid.is

FORVITNILEGASTA ÆVISAGA ÁRSINS

★★★★

„Áhugamenn um upphaf nútímastjórnmála og -atvinnulífs í landinu ættu ekki að láta þessa bók fljóta framhjá sér."
SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

Guðmundur Magnússon ritaði.



„Hér er á ferð vel unnin rannsókn á lífi áhugaverðs og stórbrotins manns en jafnframt merk heimild um sögu Íslands á fyrri helmingi tuttugustu aldar."
STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN

„Þetta er þörf bók og nauðsynleg ... Eggert er kappi, eldklár og afreksmaður, duglegur og einbeittur."
SVAVAR GESTSSON / SVAVAR.IS

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19

Hittu í mark á aðfangadagskvöld

Fallegar hönnunarvörur á frábæru verði

Eames DSR
Tilboðsverð 34.900 kr.
verð áður 45.900 kr.
Charles & Ray Eames, **1950**



Ball Clock
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 37.900 kr.
George Nelson, **1948-1960**

Uten.Silo
Tilboðsverð frá 29.900 kr.
verð áður frá 37.900 kr.
Dorothee Becker, 1969

Wooden Doll
Tilboðsverð 9.900 kr.
verð áður 12.900 kr.
Alexander Girard, **1952**

Eames House Bird
Tilboðsverð 16.900 kr.
verð áður 19.900 kr.

Hang it all
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 36.900 kr.
Charles & Ray Eames, **1953**

Rotary Tray
Tilboðsverð 5.490 kr.
verð áður 6.364 kr.
Jasper Morrison, 2014

Tilboð gilda til 23. desember 2017

vitra.

Opið virka daga 8:00–18:00
Laugardag 23. desember 11:00–17:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn Húsgögn

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 86886 12/17

Sveitarstjórar á Vestfjörðum fagna umræðu um kynbundið ofbeldi

SVEITARSTJÓRNIR Sveitarstjórnir á Vestfjörðum stefna á að svara ákalli Sambands íslenskra sveitarfélaga um að setja sér stefnu eða endurskoða gildandi stefnu vegna eineltis, ofbeldis og kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.

„Við munum gera það mjög fljótt," segir Jón Páll Jóhannesson bæjarstjóri Bolungarvíkur. Hann segir að viðhorfið gagnvart kynbundnu ofbeldi sé nú að breytast. „Við þurfum að hætta að hugsa um að það sé allt fullkomið hjá okkur. Það eru brestir alls staðar."

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir að það sé ekki á dagskrá hjá bæjarfélaginu að skoða þessi mál. „Það er búin að liggja fyrir stefna sem við settum fram fyrir þremur til fjórum árum um þessi mál. Við erum bara á undan öllum með þetta greinilega," segir hún.

Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðar.

Pétur Markan, sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi, segir að bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga verði tekin fyrir á næsta fundi. „Það hafa ekki komið upp svona mál hér svo ég viti til en það skiptir ekki máli. Þegar svona mál koma upp annars staðar þá skiptir máli að vera lifandi og taka sjálfan sig í ákveðna naflaskoðun."

Í sama streng tekur Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðar. Málið hafi þegar verið tekið fyrir í bæjarstjórn. Endurskoða þurfi siðareglur bæjarins „Það þarf að gera slíkt reglulega. Það er gott að það skuli skapast góð umræða um þetta í bæjarstjórninni og allir sammála um að svona líðist ekki. Það er ekki nóg að hafa reglur heldur þarf að bregðast rétt við þegar eitthvað kemur upp."

Arna Lára segir að þetta snúist ekki bara um reglurnar. Nauðsynlegt sé fyrir konur og karla að tala um kynferðislega áreitni og einelti. „Hvort sem þetta er í einhverjum siðareglum eða ekki þá kemur það ekki í veg fyrir að þetta gerist, umræðan skiptir öllu máli." **– aig**

Sextán prósent íbúðarhúsa á Flúðum notuð sem sumarhús

HÚSNÆÐISMÁL Sextán prósent húsa í Hrunamannahreppi, þá aðallega á Flúðum, eru notuð sem sumarhús þar sem enginn er með lögheimili skráð. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu um húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps.

Tuttugu íbúðir hið minnsta eru óskráðar en í flestum tilfellum felst það í því að búið er að innrétta bílskúra sem íbúðir eða að einbýlishúsum hefur verið skipt upp í minni íbúðir. Þá er einnig þekkt að iðnaðarhúsnæði sé notað sem íbúðarhúsnæði og að föst búseta sé í frístundahúsum.

„Nýjar reglur um svona útleigu, sem teknar voru upp, eru erfiðar í framkvæmd og eftirlitið sem á að vera hjá sýslumanninum í Reykjavík erum við ekki að sjá að virki. Ég tel því að það þurfi að endurskoða þær reglur," segir Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn hefur samþykkt að við munum ekki samþykkja að íbúðarhúsnæði í þéttbýlinu verði breytt í gistihús umfram 90 daga regluna og erum við þar með að reyna að koma í veg fyrir eins og við getum að húsnæði hér sé keypt upp til að það sé eingöngu notað til skammtímaleigu", segir Halldóra en mikill skortur er á húsnæði í Hrunamannahreppi.

„Þessi mikla vöntun hefur valdið því að fjölgun hefur ekki orðið hjá okkur þrátt fyrir að mikil atvinna sé á svæðinu og innviðir geti tekið við fleiri íbúum. Það húsnæði sem hefur verið á sölu nú á síðustu mánuðum hefur selst og sýnir það að áhugi á að setjast hér að er að verða meiri." **– mhh**

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps.

Framlög lækka þvert á sáttmála

Markaðsstofur landshluta í ferðaþjónustu undrast lækkun til þeirra í nýju fjárlagafrumvarpi samanborið við fjárlagafrumvarp Benedikts Jóhannessonar. Í stjórnarsáttmála er kveðið á um eflingu landshlutasamtakanna.

FJÁRLÖG Framlög ríkis til markaðsstofa landsbyggðanna lækka í fjárlögum Bjarna Benediktssonar um 11 milljónir króna. Í frumvarpi Benedikts Jóhannessonar var framlag til markaðsstofa landsbyggðanna 91 milljón en er 80 milljónir í nýju frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Samt sem áður stendur í stjórnarsáttmála flokkanna þriggja að efla eigi markaðsstofurnar

Markaðsstofur landshlutanna eru sex talsins og eru þær staðsettar á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Reykjanesi og Suðurlandi. Hlutverk þeirra er að samræma markaðs- og kynningarmál í ferðaþjónustu og vinna þær með 780 fyrirtækjum og 65 sveitarfélögum.

„Þetta horfir ekki vel við mér og ég vona að þetta verði lagað í meðförum þingsins. Það skiptir miklu máli að við fáum hækkun frá fyrra ári," segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands. „Við áttum von á að geta haldið áfram í verkefnum um áfangastaðaáætlun og að það yrði fjármagnað áfram. Við eygðum von um að tvö stöðugildi yrðu að fullu fjármögnuð af ríki en það næst ekki ef af þessu verður.

Markaðsstofurnar reiða sig að miklu leyti á sjálfsaflafé og styrki en einnig eru þær með þjónustusamninga við sveitarfélög. Að mati Arnheiðar er einnig eðlilegt að ríkið komi kröftuglega inn í þetta starf til að búa til stoðkerfi fyrir ferðaþjónustu á landsbyggðinni. „Miðað við það sem stendur í stjórnarsáttmálanum þá er fjárlagafrumvarpið ekki í samræmi við þau orð," bætir Arnheiður við.

Áfangastaðaáætlun landshlutasamtaka er í uppnámi verði ekki brugðist við lækkandi fjárframlagi ríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Arnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, nýr þingmaður Samfylkingarinnar í NA-kjördæmi segir þetta slæmt fyrir það starf sem unnið er í ferðaþjónustu um allt land. „Það er skrýtið að fjármagnið minnki á milli fjárlagafrumvarpa Benedikts Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar þegar ákvæði um eflingu landshlutasamtakanna er komið inn í stjórnarsáttmála. Það er lítil efling í því að skerða fjármagnið til þeirra," segir Albertína. **sveinn@frettabladid.is**

SAMSUNG S8

HARMAN KARDON ONYX FYLGIR MEÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



KAUPAUKI
VERÐMÆTI
24.995

SAMSUNG
GALAXY S8 SNJALLSÍMI
SAMG950BLA/SAMG950GRA/SAMG950SIL/SAMG950PIN

99.895

HARMAN KARDON
ONYX MINI – FERÐAHÁTALARI
HKONYXMINIBLKG/HKONYXMINIWHT

24.995

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur.

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

Stóraukin eftirspurn eftir vegan jólamat

Grænkerum og grænmetisætum fer ört fjölgandi á Íslandi og má gera ráð fyrir að í kringum 17 þúsund manns aðhyllist slíkan lífsstíl hér á landi. Samhliða því hefur eftirspurn eftir auknu vöruúrvali án allra dýraafurða fjölgað hjá fjölda matvælafyrirtækja á Íslandi.

NEYTENDUR „Núna í ár er meira vöruúrval en síðustu jól af jólavörum," segir Sigvaldi Ástríðarson, gjaldkeri Félags íslenskra grænmetisæta. Hann segir þó alltaf mega bæta við og tekur sem dæmi konfektið frá Nóa Siríusi. Sigvaldi segir að það sé mikil eftirspurn eftir alls kyns vörum frá fyrirtækum sem hæfa grænkerum (vegan) og hvetur framleiðendur til að skoða vörurnar sínar. „Mig grunar að framleiðendur vilji bara jákvæða hvatningu. Við viljum kaupa vörurnar þeirra," segir Sigvaldi.

„Þessum fyrirspurnum hefur farið fjölgandi. Þetta er eitthvað sem við kannski vorum ekki að spá í fyrir, en erum að leggja áherslu á núna. Við erum búin að fjárfesta í græjum sem gera okkur kleift að gera allt vegan," segir Árni Theódór Long, bruggmeistari hjá Ölgerðinni. Nýlega festi Ölgerðin kaup á skilvindu sem gerir þeim kleift að sleppa því að nota dýraafurðina gelatín. „Við erum ekki lengur að fella út bjórinn með efnum eins og gelatíni, í staðinn erum við komin með skilvindu sem getur fjarlægt það sem þarf, án þess að bæta við þessum efnum. Vélin er núna búin að vera í notkun í einhvern tíma. Við erum búin að vera í þessum fasa í að minnsta kosti hálft ár," segir Árni Theódór.

Sigvaldi Ástríðarson, grænkeri til 12 ára og gjaldkeri Félags íslenskra grænmetisæta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jólaölið er stór hluti íslensku jólahefðanna, bæði á jólunum sjálfum og yfir aðventuna, en Ölgerðin vill þó ekki fullyrða að jólaölið sé laust við allar dýraafurðir, vegna hvíta sykursins sem notaður er í framleiðslunni. „Það er ekki alveg ljóst með hann, en við erum að vinna í því að fá vottun. Annað er ekki með þessum hvíta sykri, til dæmis bjórinn frá BORG og Egils, sem er því hæfur grænkerum." Óvissuþátturinn sem Árni Theódór vísar í snýr að því að hvítur sykur er í sumum tilfellum litaður með beinkolum, en Sigvaldi hjá Félagi grænmetisæta telur þó að grænkerum sé óhætt að neyta þessara vara. Sykurinn er í flestum tilfellum evrópskur og er ekki unninn á þann máta. Sykurinn sem Ölgerðin notar er frá Limako Suiker BV í Hollandi.

Árni Theodór, bruggmeistari Ölgerðarinnar, og skilvindan sem gerir kleift að sleppa gelatíni í framleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Súkkulaði er annað sem Íslendingar borða mikið af um jólin. Samkvæmt Nóa Síríusi er jólakonfektið alltaf gríðarlega vinsæl vara hjá þeim, en ekkert af jólakonfektinu er þó án dýraafurða. „Það er ekki í boði í ár, en þetta er í skoðun. Þetta er ört stækkandi markaður og við finnum það á fyrirspurnum. Við finnum sérstaklega fyrir því fyrir þessi jól. Við erum með einstaka vegan hátíðarvörur eins og dökkt pralínsúkkulaði. Við höfum fengið fyrirspurn um hvort ekki sé hægt að hafa það í boði allt árið. Þetta er allt í skoðun. Við erum að þróa rosalega mikið og skoðum þá strauma og stefnur og við höfum klárlega orðið vör við aukinn áhuga á þessu, sérstaklega síðasta eina og hálfa árið," segir Auðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Markaðs- og sölusviðs Nóa Síríusar.

Laufabrauð er einnig vinsælt á jólahlaðborðum Íslendinga, en það inniheldur mjólkurduft og hentar því ekki grænkerum. „Við erum að vinna með hefðbundnar uppskriftir og myndum aldrei breyta þeim í vegan, en það væri hægt að gera einhverja nýja svipaða vöru. Það væri gaman að gera einhverja prufuþróun og athuga hvort það er hægt að gera eitthvað sniðugt. Þetta er viss áskorun, en ég hef alltaf gaman af því," segir Pétur S. Pétursson, framleiðslustjóri hjá Ömmubakstri.

Grænkerar (vegan) eru þau sem ekki neyta kjöts, fisks eða nokkurra annarra dýraafurða. Sigvaldi, hjá félagi grænmetisæta, segir þeim fjölga stöðugt sem vilja sleppa öllum dýraafurðum í matargerð, en segir ómögulegt að áætla um heildarfjölda á Íslandi. Hann telur að það séu tæplega fimm prósent landsmanna í heildina sem eru einhvers staðar á milli þess að vera grænkerar eða grænmetisætur. Hann sagði einnig fjölmarga vera svokallaða „flexitarians" sem eru þá grænmetisætur sem leyfa sér stöku sinnum mjólkurvörur eða aðrar dýraafurðir. **lovisaa@frettabladid.is**

Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.ms.is

Mjólk er góð!

Nýir SKODA og Volkswagen fyrir bílaleigur.

Eigum nokkra SKODA og Volkswagen bíla með niðurfellingu til afhendingar til bílaleiga fyrir áramót. Árgerð 2018 af Skoda Octavia, SKODA Superb, SKODA Fabia, Volkswagen Golf og Volkswagen Passat.

Volkswagen ŠKODA

Allar nánari upplýsingar hjá vörustjórum HEKLU
Valgeir Erlendsson í síma 590 5611 eða ve@hekla.is
Haraldur Ársælsson í síma 825 5530 eða hara@hekla.is

HEKLA
Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is

SUZUKI

Way of Life!

ÖFLUGUR SUZUKI S-CROSS

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN

KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!

Nýr fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross
- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er.
Þú kemst alla leið!
Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ FRÁ KR.
4.060.000

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða háskólanema í grunn- og meistaranámi í sumarvinnu við rannsóknar- og þróunarverkefni.

- Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja
- Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífi og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein
- Verkefnin skulu leyst af hendi með sjálfstæði og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna
- Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna
- Úthlutun mun liggja fyrir í byrjun mars 2018

Hverjir geta sótt um?

- Háskólanemar í grunn- og meistaranámi
- Sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

Umsóknir eru rafrænar og skal sækja um á www.rannis.is.
Þar er jafnframt að finna reglur og leiðbeiningar varðandi sjóðinn.
Nánari upplýsingar veitir Auður Bergþórsdóttir,
audur.bergthorsdottir@rannis.is,
sími 515 5814.

NSN NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Aukið framboð í ýmsum hverfum útskýrir breytinguna. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eignir í sænska höfuðstaðnum hríðfalla í verði

Á síðasta fjórðungi þessa árs hefur verð fasteigna í Stokkhólmi fallið um allt að níu prósent. Ýmsir óttast að verðið muni halda áfram að lækka á nýju ári. Reglubreytingar tæplega fallnar til að bæta stöðuna.

SVÍÞJÓÐ Fasteignamarkaðurinn í Stokkhólmi hefur verið í frjálsu falli undanfarna mánuði en á síðasta ársfjórðungi 2017 hefur verð þar lækkað um níu prósent. Að mati hins sænska íbúðalánasjóðs, SBAB, eru miklar líkur á að verðið muni lækka ennþá meira.

Í nýlegri greiningu SBAB kemur fram að lækkunina nú megi rekja til skyndilegs aukins framboðs á markaðnum. Þá vofi yfir breytingar á reglum sem varða lántöku og skerða aðgang fólks að lánsfé. Samhliða auknu framboði verði því færri sem hafi tök á því að festa kaup á eigin húsnæði.

„Sé litið á verðþróun í Svíþjóð sem heild virðist útlitið ekki svo slæmt. Sé hins vegar litið til þess sem er að gerast í miðborg Stokkhólms og borgum á borð við Uppsala og Örebro, þar sem skyndilega varð talsvert framboð af nýbyggingum, þá er ástandið öllu verra," segir Klas Danielsson, forstjóri SBAB, í viðtali við fréttaveituna Bloomberg.

„Fasteignaverð í Stokkhólmi hefur nú þegar lækkað um allt að fimmtán prósent og fyrirsjáanlegt er að það muni lækka um annað eins til viðbótar," segir Danielsson.

Fasteignaverð í Stokkhólmi hrapaði eftir efnahagskreppuna 2008 en reis síðan mjög skarpt. Það féll á ný á árunum 2010-2012 en hækkaði jafnt og þétt til ársins 2016. Síðan þá hefur leiðin legið niður á við. Sé horft á verð á landsvísu hefur það lækkað um rúm sjö prósent það sem af er ári.

Á undanförnum árum hefur framboð verið lítið en það er nú breytt. Ofan á það bætast nýjar reglur, sem taka gildi í mars á næsta ári og krefjast þess að lánshlutfall kaupenda verði lægra. Er það gert að undirlagi sænska fjármálaeftirlitsins til að tryggja að skuldsetning heimila landsins ógni ekki efnahagsstöðugleika. Eftirlitið áætlar að reglurnar hafi áhrif á um fjórtán prósent þeirra sem hafa í hyggju að festa kaup á eigin húsnæði. SBAB óttast að sú tala sé vanmetin.

„Við óttumst að áhrif reglnanna verði meiri," segir Danielsson. „Sumir telja að tíu til fimmtán prósent séu ekki mikið en það er ekki rétt. Ef þú fjarlægir tíu prósent eftirspurnarinnar þá er það afar mikið. Sér í lagi á svæðum þar sem offramboð er."

Danielsson bendir á að reglugerðin sé illa tímasett þar sem bankar hafi nú þegar hert á lánveitingareglum sínum. Stjórnvöld ættu frekar að horfa til breytinga á skatta- og leigulöggjöf til að laga þau vandamál sem að markaðnum steðja. **johannoli@frettabladid.is**

Erdogan vill færa sendiráð Tyrkja í Palestínu í austurhluta Jerúsalem

TYRKLAND Tyrkir stefna að því að opna sendiráð í austurhluta Jerúsalem. Þetta kom fram í ræðu Recep Tayyip Erdogan, forseta landsins, í gær.

„Með leyfi Guðs þá styttist óðum í þann dag að við munum geta fært sendiráð okkar þangað," sagði Erdogan í ræðu sinni.

Ekki liggur fyrir hvernig Erdogan ætlar að fara að þessu en Ísrael hefur ráðið yfir austurhluta borgarinnar frá árinu 1967. Ísraelsmenn kalla Jerúsalem „ósýnilega" höfuðborg sína.

Áður hafði Erdogan farið fremstur í flokki leiðtoga múslimaríkja sem kölluðu eftir því að austurhluti Jerúsalem yrði viðurkenndur sem höfuðborg Palestínu. Sendiráðstilfærslan sem stefnt er að er liður í því. Hingað til hafa sendiráð ríkja í Ísrael verið í Tel Aviv vegna þeirrar stöðu sem uppi er í Jerúsalem. **– jóe**

Recep Tayyip Erdogan svarar Trump með því að færa sendiráð sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

CITROËN

CITROËN **BERLINGO**

FJÖLHÆFUR SENDIBÍLL

Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI!

1.887.000 kr. án VSK.

200.000 kr. AFSLÁTTUR
Vetrardekk + sumardekk fylgja!

3JA MANNA VERK?

Berlingo er sparneytinn sendibíll með þremur framsætum

STUNDUM SKIPTIR LENGDIN MÁLI

Í Berlingo er topplúga og fellanleg öryggisgrind sem kemur sér afar vel þegar flytja á lengri hluti

VANTAR ÞIG AÐ BÆTA Á ÞIG KÍLÓUM?

Berlingo er fjölnota sendibíll með ríflegu hleðslurými og 850 kg burðargetu

MEIRA PLÁSS FYRIR ALLSKONAR

Berlingo er fjölnota sendibíll með stóru 3,3 rúmmetra, hleðslurými

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN BERLINGO Í DAG!

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Jólafréttir

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Innan um fallegar fréttir af piparkökubakstri, jólasveinum og alls konar jólalegum skemmtilegheitum leynast aðrar fréttir miður skemmtilegar og uppörvandi en engu að síður líka árstíðabundnar. Fréttir sem minna okkur á að fjöldi fólks á erfitt með að njóta hátíðarinnar, og í raun lífsins frá degi til dags, þó svo hér eigi að heita bullandi velsæld. Slík herlegheit eru nefnilega ekki öllum ætluð.

Þetta eru fréttir á borð við þær að yfir sjötíu fjölskyldur á Suðurnesjum þáðu matar- og jólagjafir frá Velferðarsjóði Suðurnesja og Hjálparstarfi kirkjunnar til þess að komast nær því að halda gleðileg jól þrátt fyrir augljósa fátækt. Önnur frétt segir frá því að hælisleitendur fá ekki lengur jólauppbót vegna nýrrar reglugerðar um útlendinga. Þess í stað fá hælisleitendur það sama og venjulega eða átta þúsund krónur fyrir fullorðna og fimm þúsund fyrir börn á viku í fæðispening. Þetta eru svo smánarlegar upphæðir að maður eiginlega hálf skammast sín fyrir að setja þetta á prent. Og talandi um skömm þá rifjast fljótt upp fréttin þar sem Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, greindi frá því að þangað leiti fólk sem hefur 80.000 krónur í heildartekjur og ekki krónu meir.

Þessar þrjár fréttir, sem er að finna á jafn mörgum miðlum, eru auðvitað bara dropi í hafsjó frétta af fátækt og skorti á Íslandi. Frétta þar sem er talað við þá sem rétta hjálparhönd en þeir sem þurfa á henni að halda geta ekki komið fram vegna fordóma samfélags sem vegur og metur fólk eftir því hvað það á og hversu mikið það græðir, fremur en raunverulegu manngildi og verðleikum.

En auðvitað eiga hinir fátæku ekkert að þurfa að koma fram eins og til staðfestingar á tilveru sinni og bágri stöðu. Staðreyndin er að fátækt er veruleiki sem flest okkar geta staðið frammi fyrir í kjölfar óviðráðanlegra atburða á borð við slys, veikindi, atvinnumissi og margt fleira. Stjórnmálamönnum og samfélaginu er auðvitað fullkunnugt um þennan veruleika fátæktarinnar enda koma þessar fréttir reglulega þó svo þeim fjölgi óneitanlega í desember þegar neyslan er í öndvegi sem aldrei fyrr. Þetta er því ekkert endilega eitthvað sem kallar á fleiri úttektir og meiri skýrslugerð eins og ný ríkisstjórn boðar.

Hins vegar væri forvitnilegt að sjá þessa ríkisstjórn skoða og ræða hvað liggur að baki fátæktinni. Kanna hvað veldur því að samfélag í bullandi velferð býr svo illa að fjölda fólks að það lifir bókstaflega langt undir fátæktarmörkum. Hingað til virðast allar ríkisstjórnir til þessa vera sannfærðar um að efnahagslegur stöðugleiki sé að veði þegar kemur að hinum verst settu, en samkeppnishæfni þjóðarinnar sé undir þegar kemur að því að hlaða undir þá sem mest hafa. Ef nýja ríkisstjórnin ætlar að viðhalda þessari gegndarlausu misskiptingu bæði í orði og á borði er hætt við að lítið breytist til batnaðar. Að fátækir muni áfram ekki þekkja annan stöðugleika en fátæktargildruna sem það situr kirfilega fast í allan ársins hring – líka á jólunum.

Staðreyndin er að fátækt er veruleiki sem flest okkar geta staðið frammi fyrir í kjölfar óviðráðanlegra atburða á borð við slys, veikindi, atvinnumissi og margt fleira.

Halldór

Frá degi til dags

Þágufallssýkin

Twitter-maraþon laganna varða fór fram um helgina. Viðburðurinn er árlegur og líkt og hin fyrri ár var áhugavert að fylgjast með þeim fjölbreyttu verkefnum sem lögregluþjónar þessa lands þurfa að glíma við. Teymið sem sá um að koma tístunum í loftið var oft á tíðum hnyttið og hægt að skemmta sér yfir hinum ýmsu útköllum. Önnur voru ekki jafn brosleg. Hið sama má segja um þágufallssýki sem gerði vart við sig, með nánast glæpsamlegum hætti, í nokkrum tístum í #löggutíst. Óstaðfestar lygasögur herma að tveir hafi gist fangageymslur vegna þessa.

Trölli stjórnsýslunnar

Það virðist stefna í það að hælisleitendur fái ekki desemberuppbót þetta árið. Undanfarin ár hefur það tíðkast að bótaþegar fái tvöfalda matarpeninga í desembermánuði með það fyrir augum að auðvelda innkaup í kringum hátíðirnar. Upphæðin, fyrir tvöföldun, er átta þúsund krónur fyrir fullorðna og fimm þúsund krónur fyrir börn. Sannarlega er það aumt og jólaandalaust að hluti bótaþega sé tekinn út fyrir sviga og sitji uppi með skertari hlut en aðrir. Óhjákvæmilegt er að titill klassískrar bókar dr. Seuss og jólamynd með Jim Carrey komi upp í hugann í þessu samhengi. Það er ekki of seint að láta þessa sögu hljóta sama endi og þá sögu. joli@365.is

Heilbrigðiskerfið er hjartað í góðu samfélagi

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Allir landsmenn eiga að fá notið góðrar heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og búsetu. Samfélag þar sem heilbrigðiskerfið er öflugt er gott samfélag. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er lögð áhersla á eflingu hins opinbera heilbrigðiskerfis, þannig að markmiðinu um aðgang allra að fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu verði náð. Fjárframlög til heilbrigðismála verða því aukin verulega samkvæmt fjárlagafrumvarpi nýrrar ríkisstjórnar en heildarhækkun framlaga til heilbrigðismála milli fjárlaga 2017 og 2018 nemur ríflega 21 milljarði króna. Ríkisstjórnin mun ekki einkavæða frekar í heilbrigðiskerfinu heldur auka útgjöld til opinbera heilbrigðiskerfisins.

Sem dæmi um málaflokka þar sem framlög eru aukin samkvæmt fjárlagafrumvarpi nýrrar ríkisstjórnar má nefna að sjúkrahúsþjónusta á landinu öllu verður styrkt verulega. Með styrkingu sjúkrahúsþjónustu verður til að mynda mögulegt að efla innviði spítalans og rekstur, fjölga starfsfólki og endurnýja tækjakost. Í fjárlagafrumvarpinu er einnig aukið við framlög til heilsugæslunnar og niðurgreiðslur tannlæknakostnaðar aldraðra og örorkulífeyrisþega eru auknar. Framlög vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu hækka, svo mögulegt verður að fjölga hjúkrunarrýmum og efla öldrunarþjónustu. Sömuleiðis eru framlög vegna lyfja og lækningavara hækkuð. Brýn þörf stendur til að efla geðheilbrigðisþjónustu á landinu öllu. Sérstök áhersla er lögð á geðheilbrigðisþjónustu í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar og fjárlagafrumvarpið ber þess merki. Áætlað er að fjárveitingar til geðheilbrigðisþjónustu, bæði á sjúkrahúsum og heilsugæslum, hækki verulega.

Í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að hlúa betur að þolendum kynferðisofbeldis og berjast gegn kynferðisofbeldi er viðbótarframlag veitt til þjónustu við þolendur kynferðisbrota á Neyðarmóttöku til að koma til móts við þolendur kynferðisofbeldis á landsbyggðinni.

Íslenska heilbrigðiskerfið á að standast samanburð við það sem best gerist í heiminum. Til þess að við getum boðið upp á heilbrigðiskerfi sem er samkeppnishæft í alþjóðlegu samhengi þarf að treysta hið opinbera kerfi. Það munum við gera.

Íslenska heilbrigðiskerfið á að standast samanburð við það sem best gerist í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Kolefnisröfl á mannamáli

Sigurður Ingi Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs

Það getur verið ruglandi fyrir almenning að átta sig á öllu þessu tali um endurheimt votlendis, skógrækt og landgræðslu sem sífellt er verið að blaðra um í tengslum við loftslagsmál. Möguleikar Íslands í aðgerðum eru óvenju fjölbreyttir og gætu, ef rétt er haldið á spöðum, sett landið í ákveðið forystuhlutverk í loftslagsmálum.

Endurheimt votlendis

Endurheimt votlendis er einn af þessum risaþáttum sem vert er að útskýra. Stærsta hluta raunútblásturs frá Íslandi má rekja til umhverfismistaka fortíðar þar sem land var framræst nánast stjórnlaust með það að markmiði að auka land til ræktunar. Land var þurrkað upp með ríkisstyrktum skurðum en stór hluti þess fór svo aldrei í raunverulega ræktun. Það sem gerist við þurrkun votlendis er einfaldlega að súrefni er hleypt að lífrænu efni sem áður var í kafi og við það byrjar öndun með útblæstri á koltvísýringi. Þetta er alveg eins og þegar við sjálf öndum frá okkur CO_2 á þurru landi en getum ekki andað í kafi.

Endurheimt votlendis þýðir því að lífrænu efni er einfaldlega aftur drekkt og öndun hættir. Endurheimt votlendis er sem sagt ekki kolefnisbinding heldur bara minnkun á útblæstri. Þessu mætti líkja við kolaorkuver sem er í gangi, nema hvað það er enginn að nota raforkuna sem það framleiðir og því er langskynsamlegast að slökkva hreinlega á því. Að loka á þennan óþarfa útblástur er því gríðarlega mikilvæg loftslagsaðgerð en er alls ekki mótvægisaðgerð sem leyfir okkur að viðhalda öðrum útblæstri í staðinn. Ekki frekar en að ég get leyft mér að kaupa nýjan bensínbíl bara af því að jeppi nágrannans bilaði og hætti útblæstri. Skuldbindingar Íslands vegna Parísarsamkomulagsins snúast líka að minnstu leyti um þessa landnotkun heldur um samdrátt á losun vegna olíunotkunar og úrgangs.

Skógrækt og binding í basalti

Öðru máli gegnir um bindingu koltvísýrings í trjám og basalti, þar er um alvöru mótvægisaðgerðir að ræða. Vandamál vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda eru svo mikil og mörg að vísindamenn telja að ekki sé nóg að minnka losun heldur verði einnig að ná einhverju kolefni niður úr lofthjúpnum til að koma í veg fyrir meiri háttar hamfarir.

Ísland er í algerri sérstöðu hvað þetta varðar því hér eru miklir möguleikar á stórfelldu niðurhali kolefnis. Í fyrsta lagi með einfaldri skógrækt sem virkar þannig að tré eru sett niður þar sem engin voru áður. Tréð einfaldlega dregur niður kolefni og geymir í viði og rótum til lengri tíma. En þetta verður að vera nýskógrækt því gamall skógur sem er hættur að vaxa bindur lítið. Sérstaða Íslands er hreinlega sú að við höfum miklu meira pláss fyrir stórtæka skógrækt en flestar aðrar þjóðir. Kolefni er þannig ekki bara safnað og geymt, heldur verður það að verðmætum við síðar meir.

Önnur áhugaverð leið er að binda kolefni til frambúðar í basalti sem finna má í miklum mæli á eldfjallasvæðum víða á Íslandi. Orkuveitan hefur farið fyrir verkefninu Gas í grjót þar sem koltvísýringi er dælt niður í berg þar sem það verður að grjóti. Þetta er engin töfralausn en getur orðið hluti af alvöru mótvægisaðgerðum.

Landgræðsla

Því miður hefur mikið af landi hér misst gróðurhulu sína á undanförnum árhundruðum. Með landgræðslu má endurheimta gróður á rofnum svæðum og segja má að sú aðgerð liggi á milli minnkandi útblásturs og kolefnisbindingar. Þegar gróðurhula hverfur þá komast lífrænar jarðvegsleifar í snertingu við súrefni sem flýtir öndun og þar með útblæstri. Með nýrri gróðurhulu lokast á þetta ferli en auk þess fer nýgróðurinn að binda kolefni með vexti. Landgræðsla getur því slegið tvær flugur í einu höggi og ekki væri verra að skógrækt kæmi svo í kjölfarið til að auka kolefnisniðurhalið enn frekar.

Ef Íslendingar sýna metnað í ofangreindum aðgerðum þá getur framlag okkar til loftslagsmála vakið heimsathygli. Það gerist þó aðeins ef við berum gæfu til þess að líta á

Ef Íslendingar sýna metnað í ofangreindum aðgerðum þá getur framlag okkar til loftslagsmála vakið heimsathygli.

þetta sem aukaframlag í baráttunni við loftslagsvandann en ekki sem afsökun til að halda áfram að kaupa bensín- og dísilbíla og urða sorp.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

JÓLI MÆLIR MEÐ
HEITUSTU PAKKARNIR Í ÁR AÐ MATI JÓLA;)
18. desember 2017 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
VR HERBERGIÐ
Úrval af VR gleraugum í leikjadeildinni Komdu að prófa!
24" 144Hz FHD
1920x1080, 1ms, Black eQualizer
ZOWIE a brand by BenQ
Leikja Skjákort
6GB GTX 1060 með 1280 CUDA örgjörvum
BAKLÝST IRON RED LEIKJALYKLA-BORÐ
15" FHD IPS
1920x1080 Anti-Glare
Intel i7 7700HQ
3.8 GHz Turbo Quad Core örgjörvi
16GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur
acer
PLAYSTATION VR
Sony VR sýndarveruleika gleraugu, Playstation Camera og VR Worlds, 5 leikja VR upplifunarpakki
52.990
Glæsilegur Sony VR pakki með VR Worlds
ZOWIE XL2411
144Hz leikjaskjárinn sem atvinnuspilararnir velja! FPS mode og Game Mode loader fyrir leiki
49.990
144Hz leikjaskjár með FHD upplausn
PREDATOR G3
Öflug Acer Predator Helios með i7 örgjörva og GTX 1060 VR Ready leikjaskjákorti
269.990
Glæsileg fartölva frá leikjalínu Acer
GTX1060 skjákort
3GB GDDR5 8.0GHz, 1280 cores
Intel i3 8350K
Quad-Core 4.0GHz Turbo
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur
CHERRY MX SWITCHES
FÁANLEGT MEÐ BROWN EÐA BLUE!
LASER TVÍSKORÐ OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR
Ducky Channel
GIGABYTE
GAMING 2
Leikjaturn með nýjustu 8.kynslóð Intel örgjörva
179.990
LEIKJALYKLABORÐ
Glæsilegt Ducky Year of The Rooster leikjalyklaborð
39.990
6GB GTX 1060
Næsta kynslóð skjákorta með 9Gbps GDDR5X minni
49.990
LEIKJALYKLABORÐ
Ducky One mekanískt baklýst lyklaborð
19.990
ONE WH MX
FLOTT Í LEIKINA
GMR ISO leikjaheyrnartól með hljóðnema
9.990
GMR ISO
BLUE YETI
Hágæða leikja hljóðnemar
29.990
BM YETI
LEIKJASTÓLL
Hágæða leikjastóll með PU-Leðri
29.990
RESTO RD
1TB
2 STÝRIPINNAR
PS4 SLIM FIFA18
1TB + FIFA 18 + 2.stk stýripinnar
52.990
SL 1T F18 2
TÖLVUTEK
OPIÐ 10-19 ALLA DAGA TIL JÓLA
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Bætt heilsugæsla – Brýn nauðsyn

Salóme Ásta Arnardóttir
formaður Félags íslenskra heimilislækna

Oddur Steinarsson
stjórnarmaður í stjórn Félags íslenskra heimilislækna

Átakanlegur skortur á heimilislæknum á Íslandi, ekki síst á landsbyggðinni, hæg endurnýjun á heimilislæknum og fækkun á starfandi læknum samfara auknum verkefnum og álagi er alvarlegur vandi sem þolir enga bið. Brýnt er að styrkja heilsugæsluna án tafar og gera henni betur kleift að standa undir nafni sem fyrsta stigs þjónusta, sem er grunnurinn að bættri velferð almennings um land allt og um leið að skynsamlegri stýringu á fjármunum í heilbrigðiskerfinu.

Efling heilsugæslunnar, sem fyrsta viðkomustaðar í heilbrigðiskerfinu eins og sést hefur í hverjum stjórnarsáttmálanum á fætur öðrum, gleður hjörtu heimilislækna. En nú er svo komið að ekki verður undan því vikist að horfast í augu við raunveruleikann. Verkefni bætast við og starfsstéttum fjölgar innan heilsugæslunnar, nú síðast með störfum sálfræðinga, sem vonandi eru komnir til að vera ein af grunnstoðum heilsugæslunnar auk heimilislækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Þó er það svo að flestir koma á heilsugæsluna til að leita sér lækninga og því óhjákvæmilegt að viðhalda mönnun og fjölga heimilislæknum.

Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins stendur: „Á tímabilinu 2007-16 jukust fjárframlög til hennar einungis um 3% að raunvirði þótt íbúum svæðisins fjölgaði um 11%. Á sama tíma jukust útgjöld vegna sérgreinalækninga um 57% að raunvirði vegna aukinnar þjónustu þeirra.“ Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur bent aðildarlöndum í Evrópu á að áhersla á annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu, þ.e. sérhæfðari heilbrigðisþjónustu, sé of mikil miðað við áherslur á forvarnir og heilsugæslu. Meginrökin eru að bætt aðgengi almennings að fyrsta stigs þjónustu er mun hagkvæmara fyrir heilbrigðiskerfið í heild.

Eitt stærsta verkefni heimilislækna er eftirlit og meðferð langvinnra veikinda og fjölveikra einstaklinga. Þessi hópur fer stækkandi í okkar þjóðfélagi eins og í öllum hinum vestræna heimi þar sem bætt meðferð sjúkdóma hefur leitt til þess að fjöldi fólks lifir löngu og ágætu lífi eftir veikindi, en þarf á heilbrigðiskerfi að halda. Eftirlitið með langvinnum veikindum er heimilislæknum kært viðfangsefni en verkefnið krefst stöðugleika í mönnun. Þessu til viðbótar er heilsugæslan fyrsti viðkomustaður fólks með áhyggjur af heilsu sinni og á landsbyggðinni sinna læknar allri bráðaþjónustu á sínu svæði.

Skipulag heilsugæslu byggir á því grundvallaratriði að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Auk þessa er mikilvægt að tryggja að einstaklingar sem lifa við heilsubrest geti leitað til læknis sem þekkir viðkomandi og vanda hans. Í dreifbýlu landi hefur verið vandasamt að koma til móts við kröfur um sérhæfða og örugga heilbrigðisþjónustu eins og fram hefur komið í tengslum við umræðu um fæðingar í heimahéruðum, en heilsugæslan á landsbyggðinni á einnig undir högg að sækja. Heimilislæknum á landsbyggðinni fækkar. Læknishéruð eru víða mönnuð afleysingalæknum sem er neyðarúrræði, þegar ekki bjóðast læknar til að setjast að í minni þéttbýliskjörnum.

Strax er þörf á raunhæfri áætlun um fjölgun heimilislækna með sókn í menntun og aðbúnaði og brýnt að stórauka veg heilsugæslunnar.

Áratugir eru síðan ákvarðanir voru teknar um æskilega mönnun á landsbyggðinni og margt hefur breyst. Umferð á vegum, ferðamenn og dreifing íbúa eru breytur sem núverandi mönnun tekur ekki tillit til. Þetta gamla mönnunarlíkan gerir ráð fyrir um 104 heimilislæknum á landsbyggðinni og eru um 71 af þeim stöðum setnar. Þeim störfum sem út af standa er sinnt af afleysingalæknum.

Hlutfall heimilislækna af öllum læknum í OECD-löndunum er um 29% á meðan hlutfallið er 16% á Íslandi. Enn nemur meirihluti íslenskra lækna í Háskóla Íslands og eru þar 1,32 stöður kennara í heimilislækningum, sem er í engu samræmi við þann fjölda lækna sem starfar við greinina. Sérnám í heimilislækningum, 5 ára nám og starf, hefur staðið til boða á Íslandi í nokkur ár. Nú stunda 38 læknar námið sem er fjármagnað að tæplega helmingi miðað við þann fjölda. Framvindan annar hvergi eftirspurn eftir nýliðun sem þyrfti að vera tvöfalt meiri, eða að lágmarki um 15 læknar á ári hverju. Um þriðjungur núverandi sérnámslækna í heimilislækningum hefur hugsað sér að starfa á landsbyggðinni.

Strax er þörf á raunhæfri áætlun um fjölgun heimilislækna með sókn í menntun og aðbúnaði og brýnt að stórauka veg heilsugæslunnar.

Heilsugæslan er fyrsta stigs grunnþjónusta og með löngu tímabærri og bráðnauðsynlegri styrkingu hennar nást mörg markmið í senn, betri þjónusta, betra heilsufar, bætt aðgengi um allt land, aukin velferð og um leið mun meiri hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu landsmönnum öllum til heilla. Gleðilega hátíð.

Seinfærir foreldrar – viðeigandi aðstoð samkvæmt Samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks

María Hreiðarsdóttir
sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er sérstök grein sem fjallar um virðingu fyrir heimili og fjölskyldu. Þar segir að aðildarríkin skuli gera ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu og foreldrahlutverki. Þar segir einnig að aðildarríkin skuli veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar við uppeldi barna sinna. En hvað þýðir þetta í raun?

Reynsla fatlaðs fólks af stuðningi við foreldrahlutverkið er mismunandi. Ég hef persónulega reynslu af stuðningi sem ég fæ í gegnum notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Ég er yfirleitt ánægð með þá þjónustu sem ég fæ en stundum þyrfti þjónustan að vera meiri. Algjört lykilatriði er að það ríki traust á milli fjölskyldu og stuðningsaðila og að foreldrar sjálfir séu hafðir með í ráðum þegar stuðningur er ákveðinn inn á heimili þeirra. Það er mikilvægt að samráð sé um markmið þjónustunnar svo hún gangi vel. Starfsfólk á ekki að taka ákvarðanir á bak við foreldra og ákveða hvað foreldrum og fjölskyldunni sé fyrir bestu heldur hafa samráð við foreldrana því þannig gengur það best.

Passa þarf að stuðningur fyrir seinfæra foreldra sé til langframa og að nægt fjármagn sé tryggt og að stuðningurinn sé nægur fyrir foreldra og börn þeirra. Seinfærir foreldrar þurfa oft aðstoð við að gera börnum sínum kleift að sækja íþróttaæfingar og tónlistarnám svo eitthvað sé nefnt. Þessi stuðningur stuðlar að því að þeim vegni jafn vel og öðrum börnum.

Þó svo að það sé ekki daglegur stuðningur þarf sá sem ber ábyrgð á þjónustunni að vera í sambandi með vissu millibili og oftar þegar erfiðir tímar eru. Það þarf oft meiri stuðning þegar börn eru nýfædd og þegar þau byrja á leikskóla, einnig á unglingsárum. Það er sérstaklega mikilvægt að ráðgjafar geti verið sveigjanlegir í starfi sínu þar sem heimilislíf er ekki með sama hætti alla daga.

Kæruleið fyrir fatlað fólk

Nú er ný ríkisstjórn tekin við og óska ég henni velfarnaðar. Þann 20. september 2016 samþykkti Alþingi að fullgilda samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks. Enn er eftir að fullgilda viðauka samningsins en hann er mjög mikilvægur og með honum opnast kæruleið fyrir fatlað fólk sem telur á sér brotið. Viðaukinn felur því í sér miklar réttarbætur fyrir fatlað fólk. Ég skora því á nýja ríkisstjórn að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að fullgilda viðaukann.

Einnig vil ég minna á að fatlað fólk bíður enn eftir að notendastýrð persónuleg aðstoð verði sett í lög. Ánægjulegt er að heyra að það sé eitt af þeim verkefnum sem ný ríkisstjórn ætlar að afgreiða fyrir áramót.

Að lokum hvet ég til aukinnar virðingar gagnvart þessum fjölskyldum og að opna umræðuna betur um þennan hóp og ekki síst að virða margbreytileikann og þær mannréttindayfirlýsingar sem íslensk stjórnvöld hafa skrifað undir, þar á meðal sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Enn er eftir að fullgilda viðauka samningsins en hann er mjög mikilvægur og með honum opnast kæruleið fyrir fatlað fólk sem telur á sér brotið.

Kaldar jólakveðjur frá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins

Elín Oddný Sigurðardóttir
formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar

Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 lögðu Sjálfstæðismenn fram tillögu þess efnis að lækka fjárhagsaðstoð borgarinnar. Í stað þess að hækka hana upp í tæpar 189 þúsund krónur á mánuði vildu þeir að hún yrði lækkuð til „samræmis við meðalupphæð fjárhagsaðstoðar annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu“. Slík samræming myndi fela í sér lækkun fjárhagsaðstoðar í um 160 þúsund krónur á mánuði eða lækkun um tæpar þrjátíu þúsund krónur á mánuði. Tillagan var vitaskuld felld, enda myndi núverandi meirihluti aldrei samþykkja að vega að þeim sem síst skyldi í samfélaginu og standa einna verst. Með þessum tillöguflutningi opinbera borgarfulltrúarnir þá skoðun sína að þeir sem minnst eða ekkert eiga geti tekið á sig miklar skerðingar.

Það er mín einlæga skoðun að við eigum að mæta fólki í vanda þar sem það er statt með virðingu að leiðarjósi. Það er hlutverk sveitarfélaga að jafna kjör og sjá til þess að enginn líði skort og að hverjum og einum sé mætt á sínum forsendum. Þannig stuðlum við best að þátttöku allra í samfélaginu og sköpum þannig öfluga og lifandi borg.

Ég vil hvetja borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til að kynna sér það öfluga starf sem unnið er með notendum fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar. Vinnan með notendum miðar að því að virkja alla til þátttöku í samfélaginu á nýjan leik. Það er hreinlega skammarlegt að vega að þeim er síst skyldi, með tillögu sem þessari, nógu lág er nú fjárhagsaðstoðin samt. Sem betur fer tilheyri ég þeim meirihluta sem er ósammála Sjálfstæðismönnum í borgarstjórn um þetta og ævinlega þegar þeir hyggjast skerða kjör þeirra sem verst standa mun ég leggjast gegn slíkum tillögum enda eru þær til skammar í velferðarsamfélagi.

Það er hlutverk sveitarfélaga að jafna kjör og sjá til þess að enginn líði skort og að hverjum og einum sé mætt á sínum forsendum.

Gefðu *harða pakka* þessi jólin

VERKFÆRA SALAN

TOPPLYKLASETT
3/8” 12stk

Toppar: 10, 12, 13, 14, 15, 17, 18 og 19mm
Framlenging, minnkun, bitatoppur.

MW 48229001 **7.990 kr.**

BORVÉL M12
BPD-202c 2x2Ah

Nett borvél tveggja hraða með höggi, vélinni fylgja 2×2,0 Ah rafhlöður og hleðslutæki.

MW 4933441940 **25.900 kr.**

BORVÉL M18
BPD-202C 60Nm 2x2Ah

Nett og létt hleðsluborvél aðeins 198 mm á lengd sem er pakkað afli.

MW 4933443515 **37.900 kr.**

SKRÚFVÉL
4V ERGO-24 FSDU

RYOBI

Skrúfvél frá Ryobi ásamt 10 algengustu bitunum.

RB 5133003587 **6.790 kr.**

BORVÉL
18V 2×2,0Ah

RYOBI

Öflug hleðsluborvél með höggi, kemur í tösku.

RB 5133003342 **24.900 kr.**

HERSLULYKILL
1/2” 400Nm

RYOBI

Herslulykill 1/2″ með 3 herslustillingum.

RB 5133002476 **29.900 kr.**

TOPPLYKLASETT
1/4” 23stk Bato

Topplyklasett 1/4″. Toppar frá 4-13mm, framlenging, bitar, skrall 48 tanna.

BT 1301 **3.390 kr.**

TOPPLYKLASETT
Carolus 172stk

Skröll í stærðum 1/2″, 3/8″ og 1/4″ og allir helstu toppar og bitar.

GD 58602172 **15.990 kr.**

VERKFÆRASKÁPUR
7 skúffu

Sterkur verkfæraskápur með góðum brautum.

TJ TBR3007B-X **39.900 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Tilboð gilda 18.- 31. desember.

Verkfærasalan • Síðumúli 11 - 108 Reykjavík | Dalshraun 13 - 220 Hafnarfjörður • 560-8888 • www.vfs.is
Opnunartíma um jólin má sjá á www.vfs.is

Pabbar eiga líka börn

Sólrún Kristjánsdóttir
starfsmanna-stjóri OR

Þú gengur inn á leikskóladeildina og heyrir kallað: „Matta, pabbi þinn er kominn!“ Upp úr kubbakassanum lítur dóttir þín. Risastórt bros breiðist yfir andlitið, hún hleypur til þín og knúsar þig fast og þið haldið saman út í verkefni kvöldsins. – Þetta er reynsla sem við vorum að neita allt of mörgum samstarfsmönnum okkar um með föstum 10 klukkutíma vinnudegi, sem við höfum nú aflagt.

Við höfum heldur engan áhuga á því að okkar vinnustaður sé notaður sem afsökun fyrir því að konur beri hitann og þungann af heimilisrekstrinum. Þess vegna höfum við gert átak í því hjá Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækjunum – Veitum, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur – að gera vinnutíma hópa, þar sem karlar eru í yfirgnæfandi meirihluta, skaplegri.

Mikill árangur

OR hefur náð þeim árangri að konur eru nú fleiri en karlar í stjórnunarstörfum og óútskýrður kynbundinn launamunur er nánast horfinn. Við erum stolt af þessum árangri. Við horfum hins vegar upp á mjög kynjaskiptan vinnustað. Starfsemin krefst fjölda flinkra fagmanna og 95% iðnaðarmanna eru karlar. Ein leiðin til að fást við það ójafnvægi er að kynna ungum konum þessi störf. Það erum við að gera í samstarfi við Árbæjarskóla. Ýmis hefðbundin vinnutilhögun hjá iðnaðarmönnum er hins vegar ekki freistandi fyrir fólk sem vill eiga blómlegt heimilislíf, hvorki karla né konur.

Vinnustaðirnir verða að taka þátt

Staðan var þannig að iðnaðarmenn og útivinnufólk hjá okkur vann 10 tíma vinnudag; mættu klukkan hálfátta á morgnana og stimpluðu sig út klukkan hálfsex. Það fóru ekki margir þeirra með börnin sín á leikskólann eða sóttu þau. Um mitt ár 2014 klipum við klukkutíma aftan af vinnudeginum. Áfram var mætt hálfátta. Við vorum samt áfram þátttakendur í kerfi sem gerði þessum körlum illmögulegt að axla ábyrgð á við maka sinn innan veggja heimilisins. Við ýttum líka undir það að laun iðnaðarfólks séu að verulegu leyti vegna yfirvinnu. Ýmis gögn benda til að langir vinnudagar dragi hvort tveggja úr afköstum og starfsánægju.

Nýlegar rannsóknir benda allar til að konur beri að jafnaði hitann og þungann hvort tveggja af umönnun barna og heimilisstörfum. Það lætur nærri að hjá hjónum af sitthvoru kyninu sé tímaskiptingin þannig að konan sjái um þetta að 70 prósentum. Þegar þetta mynstur er svona skakkt og svona útbreitt getum við ekki lagt það á einstök heimili að rétta þetta af; fyrirtækin – vinnustaðirnir – verða að koma þar að.

> **Við vorum þátttakendur í kerfi sem gerði þessum körlum illmögulegt að axla ábyrgð á við maka sinn innan veggja heimilisins.**

Samkomulag um styttan vinnudag

Það er í þessu ljósi sem við stigum næsta skref. Í samkomulagi við starfsfólk og stéttarfélög þess höfum við stytt almennan vinnutíma vinnuflokka Veitna og hjá starfsfólki virkjana Orku náttúrunnar niður í það sem gengur og gerist, eða átta tíma á dag. Vinnudagurinn hefst núna klukkan 8:20 og lýkur klukkan 16:15. Samhliða breytum við verklagi til að gera það skilvirkara og við trúum því að afköstin verði ekki minni en fyrir breytingu.

Fleiri en níu af hverjum tíu þeirra sem breytingarnar ná til eru karlar; iðnaðarmenn og verkafólk. Eftir breytinguna eiga þau betra með að eiga líf utan vinnustaðarins og taka þátt í því. Svo vonum við auðvitað að vinnutíminn verði síður hindrun í vegi þess að konur leggi fyrir sig þau störf sem við vorum að breyta. Við þurfum svo sannarlega á þeim að halda eins og okkar öflugu körlum.

Sturtu– og baðolía fyrir þurra húð

Léttfreyðandi sturtu– og baðolía sem mýkir þurra húð og gefur henni góðan raka.

· Engin ilmefni
· Engin litarefni
· Engin paraben

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

Umferðarslys eða umhverfisslys

Baldur Sigurðsson
stjórnarmaður í Verndarfélagi Svartár og Suðurár

Maður nokkur fær sér einn góðan veðurdag heldur mikið í staupinu. Hann ákveður nú samt að keyra af stað á sínum nýja fjallabíl en þá tekst ekki betur til en svo að honum verður laus bensínfóturinn. Hann keyrir utan í þrjá bíla, fótbrýtur mann á gangbraut og endar för sína á ljósastaur, en sleppur sjálfur lítt meiddur.

Sú skylda hvílir á framkvæmdaaðila, í þessu tilviki ökumanninum, að láta gera mat á þeim áhrifum sem hann hefur valdið með ölvunarakstri sínum og leggja fram tillögur um úrbætur og mótvægisaðgerðir. Hann fær lögfræðing og góðan kunningja sinn til að gera matsskýrsluna:

Í skýrslunni er sýnt fram á að rispur og beyglur á þremur bílum séu smáræði. Umræddir bílar eru eldri og ódýrari en sá sem tjóninu olli, og hafa sennilega verið bæði rispaðir og beyglaðir fyrir. Rétting og sprautun sé hluti af eðlilegu viðhaldi. Sjálfur þurfi framkvæmdaaðili að kosta dýra viðgerð á eigin bíl, og í þeim samanburði séu viðgerðir á hinum bílunum léttvægar. Áhrif á bílana teljast óveruleg og afturkræf.

Tiltölulega einfalt er að meðhöndla fótbrot. Það veldur yfirleitt ekki skertri starfsgetu nema skamma hríð meðan brotið er að gróa. Góð reynsla er af fjölbreyttum mótvægisaðgerðum, eins og að ganga við staf, hækju eða – ef um slæmt brot er að ræða – göngugrind. Skaði hins slasaða telst því tímabundið nokkuð neikvæður en að mestu afturkræfur, og með hjálp mótvægisaðgerða verður hann aldrei meiri en óverulegur til lengri tíma litið.

Skýrslan metur tjón á ljósastaur vissulega talsvert neikvætt fyrir götuhornið þar sem staurinn stóð. Þar er nú myrkt eftir að skyggja tekur og slysahætta mikil, en fyrir hverfið í heild, og sé litið til sveitarfélagsins alls, er tjónið metið óverulegt. Þetta var ekkert sérstakur ljósastaur, og því engin eftirsjá í honum. Lagt er til að fyrst um sinn verði vöktun á þessu horni með því að setja upp vefmyndavél við gangbrautina. Tjónið er afturkræft og óverulegt fyrir sveitarfélagið í heild.

> **Hér með er skorað á sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að lesa frummatsskýrsluna betur í ljósi athugasemda og ræða þann möguleika í fullri alvöru að samþykkja EKKI fyrirhugaða virkjunarframkvæmd.**

Þessi litla saga af slysi er nánast orðrétt upp úr frummatsskýrslu um umhverfisáhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal, sem birt var 7. september sl., nema að því leyti að hér er talað um mat á umferðarslysi vegna ölvunaraksturs en í frummatsskýrslunni er talað um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunarframkvæmda.

Umhverfisslys er skipulagt

Munur á umferðarslysi og umhverfisslysi er aðallega sá að umferðarslys er óhapp, sem enginn ætlar sér og ekki er unnt að meta fyrr en skaðinn er skeður. Umhverfisslys er hins vegar vandlega undirbúið og skipulagt, eins og það sem nú er í uppsiglingu í Bárðardal, og umhverfisáhrifin eru fyrirsjáanleg og metin fyrirfram af sérfræðingum. Álit þeirra er síðan matreitt af framkvæmdaaðila sjálfum eða verkfræðistofu hans, sem gerir lítið úr öllu á sama hátt og gert var hér að ofan.

Þeir sem gefa út leyfi til að framkvæma umhverfisslys byggja ákvörðun sína á þeirri matreiðslu, eins og sjá má af eftirfarandi umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá 27. september, þrem vikum eftir að frummatsskýrslan var auglýst til umsagnar: „Sveitarstjórn […] telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim.“

Skipulagsstofnun bárust alls 72 umsagnir um skýrsluna og þar af allmargar sem sýndu fram á með rökum að hún er engan veginn fullnægjandi og framkvæmdin öll hið mesta óráð. Hér með er skorað á sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að lesa frummatsskýrsluna betur í ljósi athugasemda og ræða þann möguleika í fullri alvöru að samþykkja EKKI fyrirhugaða virkjunarframkvæmd, ekki frekar en við samþykkjum ölvunarakstur í sveitarfélagi okkar.

Létt og leikandi Óskajógúrt

í jólaundirbúningnum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Þín óskastund getur verið hvenær sem er en næsta Óskajógúrt er sjaldan langt undan.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Norsku stúlkurnar hans Þóris urðu að sætta sig við silfur á HM

Frábærar Frönsku stúlkurnar fóru á kostum á HM og lögðu Noreg, 23-21, í frábærum úrslitaleik í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Geggjuð tilfinning en eins og þetta væri eitthvert aprílgabb

Hinn ungi markvörður FH, Ágúst Elí Björgvinsson, mun þreyta frumraun sína á stórmóti í janúar. Hann segir tilfinninguna hafa verið geggjaða að vera valinn í hópinn. Ágúst Elí er klár í stóra prófið í Króatíu. Hann hefur lagt aukalega á sig í vetur og tekur glaður á móti meiri pressu sem kemur strax í kvöld.

HANDBOLTI „Ég var í prófum og því með slökkt á símanum. Ég veit því ekki hvort Geir var eitthvað að reyna að ná í mig. Ég sá því bara á netinu að ég hefði verið valinn í EM-hópinn," segir Ágúst Elí Björgvinsson, markvörður FH, en hann mun þreyta frumraun sína á stórmóti í Króatíu í janúar.

Það var ljóst að Björgvin Páll Gústavsson væri að fara á EM en baráttan um hitt markvarðarsætið var hörð. Ágúst Elí búinn að vera mjög öflugur í vetur og sömu sögu má segja um reynsluboltann Hreiðar Levý Guðmundsson sem hefur farið á kostum í marki Gróttu.

Öskraði ekki

„Tilfinningin var gríðarlega góð er ég sá fréttina á föstudaginn. Geggjuð tilfinning þó svo ég hafi ekki öskrað. Ég var samt ótrúlega glaður. Það kemur eitthvert stundarbrjálæði yfir mann. Tilfinning eins og þetta sé eitthvert aprílgabb en svo áttar maður sig á því að þetta er ekkert grín og ég er á leiðinni á stórmót. Þá kemur yfir mann smá stress og maður verður að tækla það. Ég mun gera það," segir hinn 22 ára gamli Ágúst Elí sem er sálfræðinemi í HÍ.

Eins og áður segir var baráttan um markvarðarsætin í hópnum hörð en FH-ingurinn var nokkuð bjartsýnn á að hann fengi sæti.

Ágúst Elí hefur verið mjög öflugur í marki FH í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég var búinn að ímynda mér að það færu þrír markverðir út og var að vonast eftir því að vera einn af þeim. Ég stefndi á þetta en maður veit aldrei hvað þjálfarinn er að pæla eða hvað honum finnst um mig," segir markvörðurinn ungi en Geir Sveinsson landsliðsþjálfari hefur ýjað að því að bæta þriðja markverðinum við hópinn sem setur meiri pressu á þá sem hafa þegar verið valdir.

„Ég er samt ekkert að pæla mikið í hvað ef. Ég reyni að einbeita mér að því að ég sé nógu góður og eigi skilið þetta sæti í hópnum. Þetta mun alltaf ráðast af frammistöðunni í leikjum og æfingum."

Var fjarlægur draumur

Bæði Björgvin Páll og Aron Rafn Eðvarðsson komu heim fyrir tímabilið og því voru allir þeir markverðir sem hafa verið í landsliðshópunum síðustu misseri að spila í Olís-deildinni. Það gaf Ágústi meiri von en ella um að hann næði markmiði sínu að komast í landsliðið.

„Þetta hefur alltaf verið fjarlægur draumur en þegar þeir koma heim þá veit ég að nú get ég miðað mig betur við þessa kalla. Svo kom Evrópukeppnin inn hjá okkur í FH og þá sá ég að ég er á pari við marga góða markverði úti í heimi sem og bestu markmenn á Íslandi. Þá hvarf efinn um að ég væri ekki nógu góður og þá kviknaði vonin um að þetta gæti gerst," segir Ágúst Elí og ákvað að leggja enn meira á sig.

„Ég hef verið gríðarlega duglegur að æfa. Roland Eradze er markmannsþjálfarinn minn og svo er ég í styrktarþjálfun líka. Svo hef ég kíkt til markþjálfara. Ég hef sett aukapúður í þetta og það er að skila sér."

Flott að fá meiri pressu

Ágúst Elí verður í eldlínunni í kvöld þegar FH spilar lokaleik sinn á árinu. Það er enginn smá leikur því Haukarnir eru að koma í heimsókn. Þá verður strax meiri pressa á honum enda orðinn landsliðsmarkvörður á leið á stórmót.

„Ég geri mér fulla grein fyrir því og tek því fagnandi að fólk sé að setja meiri pressu á mig. Þetta verður mjög skemmtilegur leikur. Einn af okkar stærstu leikjum og meira en tvö stig í húfi. Það er heiðurinn í bænum." **henry@frettabladid.is**

Modric var valinn sá besti á HM félagsliða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

REAL MADRID HEIMSMEISTARI

Real Madrid varð um helgina heimsmeistari félagsliða annað árið í röð og í þriðja sinn á síðustu fjórum árum.

Spænsku meistararnir unnu þá 1-0 sigur á brasilíska liðinu Gremio í úrslitaleiknum. Það var Portúgalinn Cristiano Ronaldo sem skoraði eina mark leiksins.

Ronaldo varð þó að sætta sig við að vera aðeins valinn næstbesti leikmaður mótsins því króatíski miðjumaðurinn Luka Modric var valinn sá besti enda lék hann einkar vel eins og hann reyndar gerir alltaf.

MILLJÓNIR TIL ÍSLENDINGA

Annie Mist Þórisdóttir og Björgvin Karl Guðmundsson tóku gullverðlaunin á Dubai Fitness Championship en það tryggði þeim rúmlega fimm milljónir króna. Höfðu þau bæði nokkra yfirburði en Annie var með 104 stiga forskot á næsta keppanda, Lauru Horvath frá Ungverjalandi. Björgvin var með 47 stiga forskot á Travis Mayer frá Bandaríkjunum. Var keppt í fjórum mismunandi settum og vann Annie í þriðju grein sem innihélt sund og hjólreiðar en í fjórum greinum lenti hún neðst í 7. sæti af 36 keppendum.

CONOR KLÁR Í UFC Á NÝ

Írski bardagakappinn Conor McGregor segir að næsti bardagi hans fari fram innan UFC-bardagahreyfingarinnar. „Mig er farið að langa í alvöru bardaga," sagði Írinn málglaði.

Conor hefur ekkert barist innan UFC síðan hann vann Eddie Alvarez í bardaga um léttvigtarbelti UFC þann 12. nóvember í fyrra. Hans eini bardagi á þessu ári var gegn Floyd Mayweather í hnefaleikum fyrr í sumar. Sá bardagi skilaði honum miklu meiri tekjum en hann hafði áður fengið hjá UFC.

Þeir eru margir kapparnir, hvort sem er innan UFC eða hnefaleika, sem hafa lýst yfir áhuga á að mæta Íranum en Manny Pacquiao sagðist meðal annars hafa boðið honum bardaga í apríl. UFC sagðist ætla í mál við Pacquiao ef hann væri í viðræðum við Conor. UFC er þessa stundina að reyna að semja við Conor á ný.

Fólk
MÁNUDAGUR 18. DESEMBER 2017
Tíska

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri Lindex og verslunum úti á landi hefur fjölgað til muna. „Okkur hefur lánast að hafa með okkur ótrúlegan flotta hóp starfsfólks sem hefur byggt þetta upp með okkur og fyrir það erum við einstaklega þakklát. Við erum einnig þakklát fyrir samstarf við UNICEF og Krabbameinsfélag Íslands en við stefnum að því að verða stærstu einstöku stuðningsaðilar þessara samtaka.“

Ár breytinga hjá Lindex

Albert Þór Magnússon og Lóa D. Kristjánsdóttir eru umboðsaðilar Lindex á Íslandi. Árið hefur verið viðburðaríkt hjá starfsfólki Lindex en verslunum Lindex hefur fjölgað um helming á þessu ári. Í ársbyrjun voru 4 Lindex verslanir á Íslandi en nú eru þær orðnar 8, að netverslun meðtalinni.

Árinu hefur fjöldi verslana Lindex á Íslandi tvöfaldast og ný netverslun verið tekin í notkun, auk þess sem samkeppnisumhverfið hefur breyst mikið. Þetta hefur gert árið 2017 að ári breytinga hjá Lindex. Fyrirtækið, sem hóf göngu sína í bílskúr á Selfossi, fagnar nú sjöunda árinu í fremstu röð verslana með barna, dömu- og undirfatnað, ásamt snyrtivörum hér á Íslandi.

„Árið hófst með því að við þurftum nauðsynlega að ná utan um það sem hafði ekki fylgt eftir hraðri uppbyggingu okkar en það er lagerinn. Hann var í raun á þremur ólíkum stöðum með tilheyrandi óþægindum og óhagkvæmni sem því fylgdi. Þetta var orðin risastór hindrun í frekari vexti okkar og eftir þó nokkra leit lánaðist okkur að finna húsnæði sem hentaði okkur fullkomlega. Við fjárfestum í tæplega 1.000 fm húsnæði í Garðabænum sem gerði okkur kleift að taka næstu skref

Framhald á síðu 2 →

Framhald af forsíðu

fram á við. Við komum þannig öllum okkar rekstri á einn og sama stað, sem lagði ákveðinn grunn að því sem koma skyldi,“ segir Albert.

Undirfataverslun opnuð á Laugaveginum

Fyrsta verslunin sem bættist í verslunarflóruna var undirfataverslunin á Laugaveginum í maí. „Við vildum opna verslun í miðbæ Reykjavíkur en staðsetning og stærð fannst ekki fyrr en við fundum húsnæði að Laugavegi 7. Það hentaði fullkomlega fyrir undirfataverslun og var gaman að kynna í fyrsta sinn nýja innréttingahönnun í miðborginni,“ segir Lóa.

Nýtt útlit Lindex verslana var frumsýnt á Íslandi en fyrirtækið hefur áður hlotið verðlaun fyrir hönnunina á verslunum sínum. Hönnunin kallast „clean concept“ og byggir á björtu yfirbragði, ólíkum litbrigðum hvítra og svartra lita, auk viðar sem gefur versluninni skandinavískt yfirbragð. Hugmyndafræðin nær einnig til umhverfis- og sjálfbærnisstefnu Lindex og þetta endurspeglast í stöðugt meira framboði á vörum framleiddum með sjálfbærum hætti. Fyrirtækið hefur einsett sér að 80% af framleiðslunni verði framleidd með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti fyrir árið 2020 og 100% af bómull Lindex verði framleidd með lífrænum og/eða sjálfbærum hætti fyrir þann tíma.

Barnalínan úr lífrænni bómull

Haustið 2016 kynnti Lindex einnig möguleika á að endurnýta fatnað með því að skila til verslunarinnar og fá í staðinn inneign í gegnum aðild að vildarklúbbnum More at Lindex. Langstærstur hluti af barnalínu Lindex er úr lífrænni bómull og endurunnum efnum.

Í kjölfarið á vel heppnaðri opnun í miðbænum var hafist handa við verslunina í Krossmóa, Reykjanesbæ, 330 fm verslun sem er í einu verslunarmiðstöð Suðurnesja. „Það verkefni gekk hreint út sagt ótrúlega vel! Við vorum með tilbúna verslun tveimur vikum fyrir auglýstan opnunardag svo við ákváðum að flýta opnuninni um hálfan mánuð. Móttökurnar fóru fram úr okkar björtustu vonum en fyrsta mánuðinn tókum við á móti rúmlega öllum íbúafjölda Reykjanesbæjar. Móttökurnar á Suðurnesjum eru okkur mikils virði,“ segir Lóa.

Netverslunin lindex.is opnuð

Netverslun hefur aukist gríðarlega á undanförnum misserum, um 60% aukning milli ára skv. útgefnum tölum Póstsins. Lindex opnaði lindex.is þann 1. september og hafa viðbrögðin ekki látið standa á sér.

„Boðið er upp á fjölmarga afhendingarkosti, allt frá því að sækja vöruna daginn eftir kaup í eina af verslunum Lindex, til þess að fá hana senda beint heim að dyrum. Afhending í verslanir Lindex er alltaf án endurgjalds og sending á pósthús viðkomandi er ókeypis sé verslað fyrir meira en 5.000 kr.,“ segir Albert og bætir við: „Við erum í skýjunum yfir því hvernig netverslun hjá okkur hefur þróast en þetta hefur gerst mun hraðar en við gerðum ráð fyrir.“

Bjartari og rýmri verslanir

Til viðbótar við fjölgun verslana hafa verslanirnar í Kringlunni og Smáralind tekið miklum breytingum.

„Við sáum að það þrengdi verulega að okkar viðskiptavinum í barnaversluninni í Kringlunni. Því var brugðið á það ráð að sameina undirfataverslunina og dömuverslunina og stækka Lindex Kids um nær helming. Þessi breyting hefur skilað því að mun betur fer um þessa mikilvægu deild okkar og verslunin er í stöðugum vexti,“ segir Albert.

„Einnig sáum við tækifæri með flutningi lagersins til að stækka verslunina í Smáralind og stækka starfsmannaaðstöðu um leið og við gerbreyttum útliti og aðkomu verslunarinnar í Smáralind. Með þessu móti gátum við gjörbreytt mátunarklefunum, ásamt því að stækka undirfata- og barnadeildina. Verslunin er björt og stór,“ segir Albert brosandi.

Til að fylgja eftir vel heppnaðri opnun var ákveðið að fara á Vesturland, nánar tiltekið á Akranes, með verslun.

„Það var engu líkara en að verslunarbilið hafi beðið eftir okkur þarna við hlið Krónunnar á Dalbraut 1 á Akranesi. Þetta eru tæpir 400 fm þar sem allt það helsta úr okkar vörulínum fæst. Verslunin er einstaklega björt og hefur aðsókn verið engu lík,“ segir Lóa.

„Gangurinn endurspeglast vel í því að við þurftum þegar í stað að bæta við afgreiðslukassa, slíkur var fjöldinn. Við erum virkilega ánægð með hversu vel Vestlendingar hafa tekið Lindex,“ segir Lóa.

Spennt fyrir nýju ári

Að lokum er vel við hæfi að spyrja, hvort þetta sé ekki orðið ágætt af opnunum nýrra verslana. Hvað er fram undan?

„Við erum ótrúlega spennt fyrir nýju ári. Við höfum fengið að skyggnast inn í línur næsta árs og verður skemmtilegt að geta haldið áfram að bjóða tískuupplifun á heimsmælikvarða á öllum þessum nýju stöðum. Það standa til breytingar á Laugaveginum sem verður algjör nýlunda á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Til viðbótar erum við sérlega spennt fyrir að opna í mínum heimabæ, Selfossi, með tilkomu nýs miðbæjar þar,“ segir Lóa.

„Okkur hefur lánast að hafa með okkur ótrúlega flottan hóp starfsfólks sem hefur byggt þetta upp með okkur og fyrir það erum við einstaklega þakklát. Við erum einnig þakklát fyrir samstarf við UNICEF og Krabbameinsfélag Íslands en við stefnum að því að verða stærstu einstöku stuðningsaðilar þessara samtaka. Við héldum UNICEF dag í verslunum okkar um daginn og Sannar gjafir eru gott dæmi um þetta samstarf en þetta er þriðja árið í röð þar sem við einsetjum okkur að styðja við baráttu UNICEF fyrir bættum hag barna í heiminum,“ segir Albert að lokum.

Nýtt útlit Lindex verslana var frumsýnt á Íslandi en fyrirtækið hefur áður hlotið verðlaun fyrir hönnunina á verslunum sínum. Hönnunin kallast „clean concept“ og byggir á björtu yfirbragði, ólíkum litbrigðum hvítra og svartra lita, auk viðar sem gefur versluninni smekklegt, skandinavískt yfirbragð.

„Við fengum að skyggnast inn í línur næsta árs og verður skemmtilegt að bjóða tískuupplifun á heimsmælikvarða á öllum þessum nýju stöðum.“

Lindex er með gott úrval af snyrtivörum, auk þess að bjóða upp á breiða línu af fatnaði fyrir alla aldurshópa. Lögð er áhersla á góða þjónustu.

Lindex hefur orðið að bæta við afgreiðslukössum í verslunum sínum.

DJ Dóra hélt uppi stuðinu þegar Lindex á Vesturlandi var opnuð.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Fasteignir.is

51. TBL. MÁNUDAGUR 18. DESEMBER 2017

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali

Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali

Gunnlaugur A. Björnsson
lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir
skrifstofustjóri

Hafdís Una Guðnýjardóttir
lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stílisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083


Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2016

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

Falleg íbúð á Nesinu

Fold fasteignasala kynnir: Glæsileg 4ra herbergja íbúð á 1. hæð við Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi með stórri suðurverönd.

Eignin skiptist í anddyri, hol, eldhús, stofu, borðstofu, 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, geymslu, þvottahús og stæði í bílageymslu. Birt stærð íbúðar m. geymslu er 134 fm, en auk þess fylgir stæði í bílageymslu.

Anddyri með fataskáp. Rúmgott hol. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni, tvö með skápum og fataherbergi er inn af hjónaherbergi. Eldhús er með fallegri svartri viðarinnréttingu, borðplötu úr kvartssteini og innbyggðum ísskáp, frysti og Asco uppþvottavél sem fylgir. Ofn og eldavél frá AEG. Stofa og borðstofa og þaðan gengið út á rúmgóðan pall. Gardínur í stofu og herbergjum fylgja. Flísalögð gestasnyrting. Baðherbergi með sturtuklefa, þar er upphengt salerni og gólfhiti.

Þvottahús er innan íbúðar. Gegnheilt eikarparket á gólfum og steinflísar á votrýmum. Rúmgóð geymsla með millilofti og mikilli lofthæð. Sameiginleg hjólageymsla. Stæði 106 í bílageymslu fylgir íbúðinni.

Til sölu falleg íbúð á Seltjarnarnesi. Opið hús á morgun.

Selfoss	20
Haukar	17
Afturelding	13
Neðri	
Stjarnan	13
ÍR Reykjavík	13
Fram	8
Grótta	7
Víkingur	5
Fjölnir	5

Olís-deild kvenna

Fjölnir - Valur 25-29

Selfoss - Haukar 20-27
Selfoss: Perla Ruth Albertsdóttir 8, Kristrún Steinþórsdóttir 7.
Haukar: Maria Pereira 7, Guðrún Bjarnad. 4.

Stjarnan - Grótta 37-23
Stjarnan: Þórey Anna Ásgeirsdóttir 9, Þórhildur Gunnarsdóttir 8, Hanna Stefánsd. 7.
Grótta: Lovísa Thompson 10, Emma Sard. 5.

ÍBV - Fram 25-30
ÍBV: Karólína Bæhrenz 6, Kristrún Hlynsdóttir 4, Greta Kavaliauskaite 4.
Fram: Elísabet Gunnarsdóttir 8, Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 6.

Efri		Neðri	
Valur	20	Stjarnan	11
Haukar	19	Selfoss	5
Fram	16	Fjölnir	4
ÍBV	15	Grótta	2

Domino's-deild kvenna

Stjarnan - Valur 51-65
Stjarnan: Danielle Victoria Rodriguez 17/16 frák/8 stoðs/6 stolnir, Bríet Hinriksdóttir 16.
Valur: Guðbjörg Sverrisdóttir 20, Elín Hrafnkelsdóttir 17, Hallveig Jónsdóttir 14.

Snæfell - Breiðablik 66-71
Snæfell: Kristen McCarthy 27, Berglind Gunnarsdóttir 20, Rebekka Karlsdóttir 11.
Breiðablik: Crawford 34, Auður Ólafsd. 18.

Njarðvík - Keflavík 73-80
Njarðvík: Shalonda R. Winton 25, María Jónsdóttir 13, Karen Vilhjálmsdóttir 11.
Keflavík: Brittanny Dinkins 29, Thelma Dís Ágústsdóttir 14, Salbjörg Sævarsdóttir 8.

Haukar - Skallagrímur 84-63
Haukar: Helena Sverrisdóttir 23/16 frák/15 stoðsendigar, Þóra Kristín Jónsdóttir 18.
Skallagrímur: Carmen Tyson-Thomas 33/17 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 18.

Efri		Neðri	
Valur	22	Breiðablik	16
Haukar	18	Skallagrímur	12
Keflavík	18	Snæfell	10
Stjarnan	16	Njarðvík	0

Í dag

19.15	FH - Haukar	Sport
19.50	Everton - Swansea	Sport 2
21.30	Seinni bylgjan	Sport

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM

TEMPRAKON®

TEMPRAKON ADVANCE SÆNG
Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.

34.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 44.900 kr.

TEMPRAKON ADVANCE KODDI
Stærð: 50 x 70 cm. Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.

15.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 26.900 kr.

Betri rakastýring. Temprakon Advance tæknin og FRESH áklæðið viðhalda jöfnu hitastigi og stýra rakajafnvægi milli líkama og sængur. Dregur úr nætursvita.

Jafn hiti gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum 37°C hita á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér rólegri og dýpri svefn.



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

18. DESEMBER 2017 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1777 Þakkargjörðarhátíðin haldin í Bandaríkjunum í fyrsta sinn.

1916 Orrustunni við Verdun í fyrri heimsstyrjöldinni lýkur með sigri Frakka á Þjóðverjum. Fjölmennasta orrusta mannkynssögunnar á þeim tíma.

1949 Laugarneskirkja í Reykjavík vígð. Kirkjuna teiknaði Guðjón Samúelsson.

1958 Bandaríkjamenn skjóta fyrsta fjarskiptatunglinu á loft. Gervitunglið bar heitið SCORE. Eisenhower Bandaríkjaforseti óskaði Bandaríkjamönnum gleðilegra jóla í gegnum gervitungl.

1973 Sýningarsalur Stjörnubíós eyðileggst í miklum bruna. Salurinn var endurbyggður og bíóið enduropnað í júní 1974. Það var svo rifið í október 2002.

1982 Ríkisútvarpið slær met þegar auglýsingar eru lesnar samfellt í sjö klukkustundir.

1982 Kvikmyndin Með allt á hreinu í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar frumsýnd. Ein vinsælasta kvikmynd Íslandssögunnar.

1998 Sögulegt gos hefst í Grímsvötnum. Vísindamenn fengu í fyrsta skipti tækifæri til að fylgjast með eldgosi undir jökli.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Vilhjálmur Vilhjálmsson

húsasmíðameistari frá Brekku, Garði,

lést sunnudaginn 10. desember. Hann verður jarðsunginn frá Útskálakirkju í Garði fimmtudaginn 21. desember og hefst athöfnin kl. 13.00.

Súsanna B. Vilhjálmsdóttir
Tómas H. Jóhannsson
Auður Ósk Vilhjálmsdóttir
Davíð Arnórsson
Halldór Vilhjálmsson
barnabörn og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Ólafur Friðfinnsson

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 7. desember 2017. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. desember klukkan 13.00.

Sigrún Gústafsdóttir
Sunneva Líf Ólafsdóttir
Hafþór Jónsson
og barnabörn
Iðunn Steinsdóttir
Guðríður Friðfinnsdóttir
Hermann Árnason
Stefán Friðfinnsson
Ragnheiður Ebenezersdóttir
Sigrún Bára Friðfinnsdóttir
Elín Þóra Friðfinnsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Ellý var heiðruð í síðustu viku fyrir 55 ára starf hjá Sláturfélagi Suðurlands. MYND/SS

Feðgin unnið fyrir sama fyrirtæki í 95 ár

Ellý Elíasdóttir hefur unnið fyrir SS í 55 ár. Faðir hennar, Elías Magnússon, vann fyrir félagið í 40 ár. Ellý var heiðruð í síðustu viku fyrir störf sín en hún segir lykilinn að því að haldast svo lengi í starfi að líða vel í vinnunni og vinna með góðu fólki.

Það eru ekki margir sem vinna fyrir sama fyrirtæki í 55 ár hér á landi. Þau eru eflaust færri feðginin sem vinna fyrir sama fyrirtækið í samanlagt 95 ár. Sú er hins vegar raunin hjá feðginunum Elíasi Magnússyni og Ellýju Elíasdóttur. Ellý var á föstudag heiðruð fyrir 55 ára starf hjá SS en Elías starfaði í fjörutíu ár fyrir fyrirtækið.

„Hann byrjaði þarna árið 1952 og var að vinna til 1992. Ég byrjaði hins vegar að vinna hjá SS 1958, þá í sumarvinnu," segir Ellý í samtali við Fréttablaðið. Hún segir ýmsar breytingar hafa orðið á starfsævi sinni. Nefnir hún til dæmis tilkomu tölvunnar.

Að því er kemur fram í tilkynningu frá SS hóf Elías störf hjá SS sem bílstjóri í vörudreifingu. Því starfi gegndi hann í 11 ár en árið 1963 varð hann sendifulltrúi skrifstofu SS og einkabílstjóri stjórnarformanns og forstjóra. Því starfi sinnti hann svo allt til starfsloka árið 1992.

Sem sendifulltrúi rukkaði hann viðskiptavini, sendist með skjöl til tollsins og í bankann og sinnti ýmsum verkefnum fyrir skrifstofu SS. Þá sótti hann einnig kjötiðnaðarmenn félagsins sem bjuggu til kjötfars. Þeir áttu að vera mættir til starfa klukkan sex á morgnana og var skylda SS að koma þeim til vinnu þar sem almenningssamgöngur voru ekki til staðar.

Elías við störf á síðustu öld. MYND/SS

Ellý hóf starfsferil sinn hjá SS við að pakka pylsum árið 1958, þá tólf ára gömul. Þaðan hélt hún í niðursuðuverksmiðjuna áður en hún var fastráðin 1962. Vann hún þá í söludeildinni í þrjú ár áður en hún færðist í símasöluna. Árið 1965 tók hún síðan við sama starfi og faðir hennar hafði sinnt áður, starfi sendifulltrúa, og er hún enn í því starfi.

En hvað veldur því að Ellý hefur haldist í starfi hjá sama fyrirtæki í 55 ár? „Það er mjög trúlega út af því að manni líður svo vel í vinnunni sinni og er með svona góðu fólki," segir Ellý. **thorgnyr@frettabladid.is**

SAMSUNG

Jóladagar

LIFETIME BURN-IN WARRANTY

CES INNOVATION AWARDS 2017 BEST OF INNOVATION

SAMSUNG
QLED / QE65Q7C
ULTRA HD PREMIUM GÆÐI,
PQI 3200 / QHDR 1500
65" Kr. 359.900,-

SAMSUNG
MS660/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
Kr. 69.900,-

L&B LJUD & BILD Bästa köp April 2017 Samsung HW-MS660

MU9005 / 55" OG 65"
2700 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
55" Kr. 229.900,-

MU7055 / 49" 55" OG 65"
2400 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
55" Kr. 219.900,-

MU6455 / stærðir 49" 55" 65"
1600 PQI, 4K. Motion rate 100
55" Kr. 170.000,-

MU6655 / stærðir 49", 55" og 65"
1700 PQI, 4K. Motion rate 100
55" Kr. 170.000,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Með morgninum dregur vel úr úrkomunni en eftir hádegi byrjar að rigna aftur, þar af talsvert mikið sunnan til í kvöld. Norðaustanlands verður að mestu þurrt þar til í kvöld.



Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4° ↗11	-0° ↗12	0° ↗12
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
0° ↗8	1° ↗7	-2° ↑15

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2° ↗13	-2° ↗10	-2° ↗16
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-2° ↗9	-1° ↗9	-5° ↗13

LÉTT

	3			4	7		1	
9		5	1	2			6	7
		7		5		2		
2		8			4	1	7	3
3		9						5
	1					9	8	
4				3	8			
	9		7					
	8	1			2			

MIÐLUNGS

	9		1			2		
4		6	8					9
	3	7					6	
		8			1	6		
3		9			4		7	
7	2			6				5
	8				2			4
9	7	4			8			
					9		3	

ÞUNG

		1				6		
	4				9	5	1	3
8				4		7		9
	5		3					
			8		2			
				6	1			
	6			2		3	5	7
		4						
3	9							8

1	5	6	8	2	7	9	4	3
3	2	9	4	6	1	5	7	8
7	8	4	5	9	3	6	1	2
9	7	5	1	3	8	4	2	6
2	4	1	9	5	6	3	8	7
6	3	8	7	4	2	1	5	9
4	9	2	3	8	5	7	6	1
5	6	7	2	1	9	8	3	4
8	1	3	6	7	4	2	9	5

2	7	8	9	1	4	6	3	5
9	1	3	6	5	2	7	8	4
4	6	5	3	7	8	9	2	1
5	9	2	8	6	7	1	4	3
3	4	7	1	9	5	8	6	2
1	8	6	2	4	3	5	7	9
6	3	9	4	8	1	2	5	7
7	2	1	5	3	6	4	9	8
8	5	4	7	2	9	3	1	6

3	7	9	2	6	1	5	8	4
4	8	6	5	9	7	1	3	2
2	5	1	8	3	4	6	9	7
5	4	3	7	1	9	8	2	6
6	1	7	3	2	8	9	4	5
8	9	2	6	4	5	3	7	1
9	3	4	1	7	6	2	5	8
7	6	8	9	5	2	4	1	3
1	2	5	4	8	3	7	6	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
2. ármynni
6. sjúkdómur
8. slagbrandur
9. mjaka
11. tímabil
12. ná
14. bátur
16. klafi
17. rjúka
18. fát
20. í röð
21. þjappaði

LÓÐRÉTT
1. umstang
3. í röð
4. hasast
5. áverki
7. flík
10. angra
13. sæ
15. viðskipti
16. einatt
19. svörð



LÁRÉTT: **2.** árós, **6.** ms, **8.** slá, **9.** aka, **11.** ár, **12.** komst, **14.** kajak, **16.** ok, **17.** ósa, **18.** fum, **20.** tu, **21.** tróð.
LÓÐRÉTT: **1.** omak, **3.** rs, **4.** ólátast, **5.** sár, **7.** skokkur, **10.** ama, **13.** sjó, **15.** kaup, **16.** oft, **19.** mó.

Skák

Gunnar Björnsson

Aljekín átti leik gegn Supico í Lissabon í Portúgal árið 1941
Hvítur á leik
1. Dg6! fxg6 2. Rxg6+! hxg6 3. Hh3+ Dh4 4. Hxh4# 1-0.
Hannes Hlífar Stefánsson sigraði á Friðriksmóti Landsbankans – Íslandsmótinu í hraðskák sem fram fór á laugardaginn. Helgi Ólafsson og Hjörvar Steinn Grétarsson urðu í 2.-3. sæti.

www.skak.is. Allt um Friðriksmótið.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÍSLAND Í TÍMANS RÁS



TILBOÐSVERÐ:
6.999.-
Verð:
9.999.-

„Þetta er frábær bók, ég bara verð að segja það."
Björn Þór Sigbjörnsson, Morgunvaktin

NÝR VEFUR!
20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFAVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
WWW.PENNINN.IS

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 18. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

18. DESEMBER 2017

Tónlist

Hvað? Mánudagsklúbbur Priksins / Orang Volante / Yamaho
Hvenær? 20.00
Hvar? Prikið, Bankastræti
Orang Volante og Yamaho spila á mánudagsklúbbi Priksins.

Hvað? Megas syngur Ósómaljóð Þorvaldar Þorsteinssonar
Hvenær? 20.00
Hvar? Gamla bíó, Ingólfsstræti
Megas syngur Ósómaljóð Þorvaldar Þorsteinssonar ásamt Skúla Sverrissyni og ósæmilegri hljómsveit. Útgáfutónleikar í Gamla bíói klukkan 20. Húsið verður opnað klukkan 19. Madonna + Child hita upp. Miðaverð: 5.000 krónur.

Hvað? Sycamore Tree – Jólahádegistónleikar
Hvenær? 12.00
Hvar? Íslenska hamborgarafabrikkan, Katrínartúni

Hvað? Hvar er Jónas? með jólatónleika á Midgard Base Camp
Hvenær? 20.30
Hvar? Midgard Base Camp, Hvolsvelli
Söngvarar hópsins eru þeir Pétur Oddbergur Heimisson og Bjarni Guðmundsson. Jón Elísson leikur á píanó, Grímur Helgason á klarínett og Sigmar Matthíasson á kontrabassa og Bjarni mun grípa í gítarinn ef tækifæri gefst til.

Viðburðir

Hvað? Próflokadagar
Hvenær? 12.00
Hvar? Stúdentakjallarinn
Frá kl. 12-20 verða öll tilboð í gangi. Öll happy hour tilboð, bjór+skot, bjórkönnur og kokteill mánaðarins. Um að gera að gera sér glaðan dag eftir próf og fá sér að borða og drekka og gíra sig í gang fyrir próflokapartíin sem eru fram undan.

Hvað? Jólatorgið í Hjartagarðinum

Megas syngur Ósómaljóð Þorvaldar Þorsteinssonar ásamt Skúla Sverrissyni í Gamla bíói. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvenær? 16.00
Hvar? Hjartagarðurinn, Laugavegi
Verið velkomin á Jólatorgið í Hjartagarðinum sem verður opið alla daga fram að jólum. Fjölbreytt handverk, götugómsæti, söngur og gleði. Kíktu í jólastemninguna í Hjartagarðinum og gæddu þér á heitu súkkulaði eða jólaglöggi og taktu þátt í alvöru jólamarkaði að evrópskri fyrirmynd. Sjáumst í Hjartagarðinum á aðventunni.

Hvað? Íslensku jólasveinarnir
Hvenær? 11.00
Hvar? Þjóðminjasafnið
Íslensku jólasveinarnir líta við á Þjóðminjasafninu á hverjum degi kl. 11 frá 12. desember til 24. desember. Verið öll velkomin

Hvað? Doktor Proktor og prumpuduftið – kvikmyndasýning
Hvenær? 10.00
Hvar? Ráðhús Reykjavíkur
Norska bíómyndin Doktor Proktor og prumpuduftið eftir bók Jo Nesbø verður sýnd í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í desember. Óslóarborg færir borginni kvikmyndina að gjöf og hefur hún verið talsett á íslensku. Kvikmyndin fjallar um Lísu og vin hennar Búa sem er nýfluttur í hverfið. Búi kynnir hana fyrir stórfurðulegum nágranna þeirra, Doktor Proktor, og nýjustu uppfinningu hans, hinu stórfenglega prumpupúðri. Þau þrjú bindast órjúfanlegum vinaböndum og lenda í spennandi og sprenghlægilegum ævintýrum. Skemmtileg kvikmynd fyrir alla fjölskylduna.

Hvað? EMM – „Mörður hét maður“
Hvenær? 12.00
Hvar? Bókasafn Mosfellsbæjar
EMM – „Mörður hét maður ...“ er heiti myndlistarsýningar Mosfellingsins Kristínar Maríu Ingimarsdóttur. Hér sýnir Kristín María málverk, vatnslitamyndir og hreyfimyndir, og sækir efniviðinn í Njálu. Unnið er með handskrifað letur úr handriti Njálssögu á stafrænan máta, málað á striga eða pappír og yfirfært í hreyfimynd. Það má því segja að í þessari sýningu sameini hún grafíska hönnun, málunina og hreyfimyndagerðina.

Hvað? Námskeið í Kaffigerð – Te & Kaffi
Hvenær? 20.00
Hvar? Te & Kaffi, Aðalstræti
Almennur inngangur um kaffi. Á þessu námskeiði er stiklað á stóru um allt sem tengist kaffi: hvaðan það kemur, hvernig það er unnið, hvaða efni eru í kaffinu svo fátt eitt sé nefnt. Við smökkum kaffi frá ólíkum stöðum í heiminum og lærum hvernig er best að hella upp á með gamla laginu.

Hvað? Bræðurnir og rithöfundarnir Ævar & Guðni lesa úr bókum sínum
Hvenær? 18.00
Hvar? Landnámssetur Íslands, Brákarbraut
Guðni. Ævar. Upplestur í Arinstofu. Plaköt og bókamerki. Og auðvitað áritanir og bækur til sölu eftir að upplestri lýkur.

Ævar les ásamt bróður sínum Guðna í Landnámssetrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MEST SELDU BÆKUR VERALDAR!

1.
Metsölulisti Eymundsson

SAKRAMENTIÐ
EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON

2.
Metsölulisti Eymundsson

GATIÐ
EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR

3.
Metsölulisti Eymundsson
Íslensk skáldverk

MISTUR
EFTIR RAGNAR JÓNASSON

VERÖLD

DAGSKRÁ

Mánudagur

UM LAND ALLT
KL. 19:30

Kristján Már Unnarsson heimsækir eyðibyggðir Arnarfjarðar í hinum gamla Auðkúluhreppi. Þar bjuggu yfir þrjú hundruð manns þegar Jón Sigurðsson forseti ólst upp á Hrafnseyri. Nú sjá athafnamenn ný tækifæri með Dýrafjarðargöngum og vegarbótum á Dynjandisheiði þegar Arnarfjarðarbotn verður miðja Vestfjarða.

Magnað
Mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á **365.is**

GRAND DESIGNS
KL. 20:10

Smekklegir og töff þættir þar sem fylgst er með skemmtilegum endurbótum á heimilum fólks sem þorir.

MARTHA & SNOOP´S POTLUCK DINNER PARTY
KL. 21:00

Skemmtilegur jólaþáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.

S.W.A.T.
KL. 21:25

Það er ekki einfalt að halda uppi lögum og reglu á strætum Los Angeles borgar og það þekkir liðsforinginn Daniel Harrelson sem er í sérsveit lögreglunnar.

THE CHRISTMAS PARTY: AN ABBA TRIBUTE
KL. 22:10

Skemmtilegur tónlistarþáttur til heiðurs hljómsveitinni ABBA en hér koma saman ástælustu listamenn Breta og syngja lög þessa goðsagnakennda tónlistarfólks.



THE DANISH GIRL
KL. 22:00

Óskarsverðlaunamynd, byggð á sannri sögu, um Lili Elbe sem var ein fyrsta manneskjan í sögunni til að undirgangast kynskiptaaðgerð.

EMPIRE
KL. 20:20

Skemmtileg sería um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.20 Kalli kanína og félagar
07.40 The Middle
08.05 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 The Last Man on Earth
10.45 Masterchef USA
11.25 Empire
12.10 Fresh off the Boat
12.35 Nágrannar
13.00 World of Dance
13.45 World of Dance
14.30 World of Dance
15.15 Jamie's Cracking Christmas
16.05 My Brain and Me
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 **Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.25 **Fréttayfirlit og veður**
19.30 **Um land allt** Kristján Már Unnarsson heimsækir eyðibyggðir Arnarfjarðar í hinum gamla Auðkúluhreppi. Þar bjuggu yfir þrjú hundruð manns þegar Jón Sigurðsson forseti ólst upp á Hrafnseyri. Nú sjá athafnamenn ný tækifæri með Dýrafjarðargöngum og vegarbótum á Dynjandisheiði þegar Arnarfjarðarbotn verður miðja Vestfjarða.
20.10 **Grand Designs** Glænýir og frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum.
21.00 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
21.25 S.W.A.T.
22.10 The Christmas Party: An Abba Tribute
23.05 You're the Worst
23.30 Víglínan
01.05 Blindspot
01.50 Outlander
02.45 The Gift
04.30 Murder in the First
05.15 Bones

STÖÐ 2 SPORT

09.55 Pittsburgh Steelers - New England Patriots
12.15 WBA - Manchester United
13.55 Bournemouth - Liverpool
15.35 Stjarnan - Afturelding
17.05 Barcelona - Deportivo La Coruna
18.45 Spænsku mörkin
19.15 FH - Haukar
21.00 Football League Show
21.30 Seinni bylgjan
23.05 Cardiff City - Hull City

STÖÐ 2 SPORT 2

07.10 Messan
08.40 Toronto Raptors - Sacramento Kings
10.30 Stjarnan - Grótta
12.00 Carolina Panthers - Green Bay Packers
14.20 Pittsburgh Steelers - New England Patriots
16.40 Manch. City - Tottenham
18.20 Messan
19.50 Everton - Swansea
22.00 Toronto Raptors - Sacramento Kings
23.50 FH - Haukar

STÖÐ 3

17.15 Gilmore Girls
18.05 The Big Bang Theory
18.30 Fresh Off The Boat
19.00 Modern Family
19.30 Seinfeld
20.00 Friends
20.25 Empire
21.10 Time After Time
21.55 How to Make It in America
22.30 The Sopranos
23.30 Sleepy Hollow
00.55 Modern Family
01.20 Seinfeld

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Jóladagatal Afa
07.05 Strumparnir
07.30 Hvellur keppnisbíll
07.40 Ævintýraferðin
07.50 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og Litli
08.13 Víkingurinn Viggó
08.27 K3 (11 / 52)
08.38 Mæja býfluga
08.50 Elías
09.00 Dóra könnuður
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbíll
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og Litli
12.13 Víkingurinn Viggó
12.27 K3 (11 / 52)
12.38 Mæja býfluga
12.50 Elías
13.00 Dóra könnuður
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbíll
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og Litli
16.13 Víkingurinn Viggó
16.27 K3 (11 / 52)
16.38 Mæja býfluga
16.50 Elías
17.00 Dóra könnuður
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur
19.00 Jóladagatal Afa
19.05 Hrúturinn Hreinn

Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 09.24, 17.24 og 17.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 Golfing World
08.50 US Open
10.50 Farmers Insurance Open
15.35 PGA Highlights
17.20 Omega Dubai Ladies Masters
21.25 QBE Shootout

STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 The Yellow Handkerchief
13.25 The Edge of Seventeen
Dramatísk gamanmynd frá 2016. Allir vita að það er erfitt að vaxa úr grasi, og það er það sem miðskólaneminn Nadine upplifir líka. Henni finnst allt vera hálf vandræðalegt í kringum sig og ekki batnar það þegar eldri bróðir hennar Darian, sem er aðalgaurinn í skólanum, byrjar með bestu vinkonu hennar, Krista. Allt í einu finnst Nadine hún vera meira einmana en nokkru sinni fyrr, eða þar til að hún kynnist óvænt strák sem gefur henni smá von um að lífið sé ekki svo slæmt eftir allt saman.
15.10 Kindergarten Cop 2
16.50 The Yellow Handkerchief
18.30 The Edge of Seventeen
20.15 Kindergarten Cop 2
22.00 The Danish Girl
Óskarsverðlaunamynd sem byggð er á sönnum atburðum. Myndin fjallar um Lili Elbe en hún var ein fyrsta manneskjan í sögunni til að undirgangast kynfæraaðgerð til að breyta kyneinkennum sínum. Í myndinni er rakin breytingarsaga Elbe og hvernig það hafði áhrif á samband hennar við eiginkonuna, Gerdu Wegener.
03.10 The Danish Girl

RÚV

15.35 Jól í lífi þjóðar
15.40 Aðstoðarmenn jólasveinanna
15.50 Aðstoðarmenn jólasveinanna
16.00 Silfrið
17.05 Séra Brown
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Elías
18.12 Letibjörn og læmingjarnir
18.20 Jólin með Jönu Maríu
18.25 Jóladagatalið: Snæholt
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kastljós og Menningin
20.05 Aðstoðarmenn jólasveinanna
20.15 Jólin hjá Claus Dalby
20.30 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
20.55 Rauði þríhyrningurinn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Sýning sýninganna
23.35 Kastljós og Menningin
23.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show
09.45 The Late Late Show
10.25 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.40 Top Gear
14.30 Scorpion
15.15 The Great Indoors
15.40 Ilmurinn úr eldhúsinu
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Extra Gear
20.10 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 The Tonight Show
23.15 The Late Late Show
23.55 CSI
01.25 This is Us
02.10 Salvation
02.55 Difficult People
04.55 Síminn + Spotify

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

FJÖRÐUR

Opið til kl. 22

18.-22. des.

Frábær tilboð og skemmtun fram að jólum

18. des.	Kvennakór Hafnarfjarðar	kl. 20.00
19. des.	Dúettinn Vigga og Sjonni	kl. 20:00
20. des.	Mosfellskórinn	kl. 20:00
21. des.	Kór Grafarvogskirkju	kl. 20:00
22. des.	Gospeldrottningin Áslaug Helga	kl. 20:00
	Geir Ólafsson	kl. 20:30
	Gospeldrottningin Áslaug Helga	kl. 21:00

Leitin að besta jólarapplaginu

Jólalög eru vel þekkt stærð. En hafa verið gerð mörg jólarapplög? Já, reyndar. Jólalög eru oftast pínulítið hallærisleg en það gengur í berhögg við töffaraskap rapptónlistarinnar. Þó er þetta engin regla eins og við komumst hér að.

SUNNA BEN PLÖTUSNÚÐUR

Sunna segir svo sannarlega vera til eitthvað sem heitir gott jólarapplag. Nefnir hún til sögunnar Christmas Rappin' með Kurtis Blow, Merry Muthafuckin' Xmas með Eazy E heitnum, jólaplötuna Snoop Dogg Presents Christmas in tha Dogg House með Snoop Dogg og Player's Ball með Outkast – sem er svona hálfvegis jólalag. En uppáhald sitt segir hún vera Christmas in Hollis með Run DMC.

ÞURA STÍNA PLÖTUSNÚÐUR

Þura tekur undir með Sunnu Ben, stöllu sinni, og segir Christmas in Hollis ekki bara vera besta rappaða jólalagið heldur bara besta jólalagið, punktur.

KARÍTAS ÓÐINSDÓTTIR PLÖTUSNÚÐUR

Karítast segir Player's Ball með Outkast vera besta jólalagið, þrátt fyrir að það sé kannski ekki alveg augljóslega jólalag. Það kom fyrst út á jólasafnplötu eftir að Outkast voru fengnir til að semja jólalag. Þeim fannst það þó ekkert sérstök hugmynd og gerðu lag sem er frekar almennt, en ef vel er hlustað má heyra alls kyns tengingar við jólin, sleðabjöllur og annað. Karítas segir hinsvegar versta jólalagið vera Rudolph the Red Nosed Reindeer með DMX.

ARNAR FREYR RAPPARI

Uppáhaldsjólalag Arnars er lagið White Christmas með rapparanum Jim Jones, en hann virðist vera í miklu jóla-uppáhaldi hjá röppurum landsins. „Ég verð alltaf semi-klökkur þegar ég heyri „raspy ass" röddina í Jim Jones," segir Arnar, en hann er kominn í jólaskapið þrátt fyrir að vera staddur á ströndinni í Los Angeles þegar blaðamaður hefur samband við hann.

stefanthor@frettabladid.is

Outkast voru ekkert sérstaklega til í að gera jólalag en úr varð Player's Ball.

Run DMC eru vinsælir á jólunum.

Rapparinn Jim Jones hefur gert slatta af jólalögum.

KJARTAN ATLI KJARTANSSON FJÖLMIÐLA-STJARNA

Kjartan Atli er auðvitað rómað jólabarn og muna glöggir lesendur væntanlega eftir jólaþorpinu sem Kájoð hendir upp á hverju ári heima hjá sér. Hann nefnir tvö lög sem koma honum alltaf í gírinn – annars vegar Ballin' on X-Mas með Dipset rapparanum Jim Jones og hins vegar Christmas in Jamaica með Toni Braxton og Shaggy, þar sem Shaggy tekur smá rappkafla.

VINSÆLUSTU BÆKURNAR

FYRIR UNGMENNI OG BÖRN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19 | **www.forlagid.is**

SÚPUHUMAR & STÓR HUMAR
VERÐ FRÁ 3.600 kr.kg
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

Barnastígvél frá AIGLE

Woodypop
Kr. 6.999.-
kr. 7.999.- Loðfóðruð
st. 24-38

BabyFlac
Kr. 5.999.-
st. 19-26

ÁSTUND
Stígvél úr náttúrulegu gúmmí
Austurveri, Háaleitisbraut 68 • sími 568 4240

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

Rey reynir að draga Luke Skywalker, lúinn og uppgefinn, aftur í stjörnustríðin en útlitið er ekki gott þar sem sá sem var nýja vonin fyrir 40 árum er nú útbrunninn.

Brakandi ferskt Stjörnustríð í fertugum dýrðarljóma

KVIKMYNDIR

Star Wars: The Last Jedi
★★★★★

Leikstjóri: Rian Johnson
Handrit: Rian Johnson
Aðalhlutverk: Mark Hamill, Carrie Fisher, Daisy Ridley, Adam Driver

Hvíl í friði, elsku prinsessa. Carrie Fisher lést skömmu eftir að tökum lauk en kveður okkur með Leiu eins og hún gerist best.

Þegar Star Wars kom í bíó 1977 upphófst stórkostlegt ævintýri. George Lucas tókst næstum að gera út af við sköpunarverk sitt með grátlega tilfinningalausum seinni þríleiknum. Eftir að afþreyingarskrímslið Disney keypti Star Wars af Lucas hefur sem betur fer allt horft til betri vegar.

Skywalker-fjölskylduharmleiknum var ýtt aftur í gang með The Force Awakens fyrir tveimur árum. Gömlu hetjurnar okkar, Han, Leia og Luke, sneru loksins aftur en leyfðu nýjum persónum að njóta sín. Þar fór mest fyrir eyðimerkurstúlkunni Rey, sem er þegar orðin öflugasta kvenhetja kvikmyndanna á vorum tímum, og sturlaða og illa frekjudallinum Kylo Ren, barnabarni Svarthöfða, sem á þá martröð heitasta að verða verri en afi gamli.

The Force Awakens var ansi hávært bergmál af fyrstu Star Wars-myndinni. Einhverjum til ama en til hvaða ráðs átti að grípa eftir skemmdarverk Lucasar? Var ekki bara skynsamlegast að leita aftur til upprunans? Þetta virkaði og nú hefur heldur betur komið á daginn að með The Force Awakens var lagður grunnur að þeirri stórfenglegu Star Wars-mynd sem The Last Jedi er.

Samkvæmt þjóðtrúnni er The Empire Strikes Back besta Stjörnustríðsmyndin. Myrkari en fyrirrennarinn og skartar dramatískasta hápunkti sögunnar: „No, I am your father.“ The Last Jedi er slík veisla fyrir augu, eyru og rótgrónar Star Wars-tilfinningar að ekki er útilokað að Empire þurfi að færa sig niður um sæti. Þessi mynd er snarsturlað æði!

The Last Jedi er þvottekta Star Wars-mynd en samt öðruvísi en allar sem á undan hafa komið. Hér kveður við nýja tóna í gamalkunnri sinfóníu. Þetta er lengsta myndin hingað til en hvergi er dauðan punkt að finna þótt teknir séu alls kyns óþarfa útúrdúrar og föndrað við hliðarsögur.

Með þessari mynd hefur Star Wars öðlast ansi hreint mikla samfélagslega meðvitund. Konur hafa aldrei verið frekari til fjörsins og hugrakkar stelpur skyggja á strákana í bardögunum. Deilt er á alls konar samfélagsmein og meira að segja Chewbacca er farinn að daðra við að vera vegan! Þetta er alveg nýtt í Star Wars en er jákvætt, fallegt og skemmtilegt.

Eftir að gott grín, hugvekjandi ádeilur og mátuleg krúttlegheit eru að baki rýkur myndin á í það minnsta 12 parasecs yfir í svo geggjaðan og tilfinningaþrunginn hasar að annað eins hefur ekki sést áður í Star Wars-mynd og er þá ansi mikið sagt!

Maður fær allt sem maður hefði mögulega getað látið sig dreyma um en er samt endalaust komið á óvart. Fyrir okkur sem höfum lifað með Leiu og Luke í fjörutíu ár er þetta svo löng raðfullnæging að sólarhringur til þess að jafna sig er algert lágmark.

Mark Hamill, þreyttur og uppgefinn Luke, er frábær. Aldrei verið betri. Og elsku, besta yndislega Carrie okkar Fisher, sem lést skömmu eftir að tökum lauk, er dásamleg. Virðuleikinn, viktin og næmið í túlkun hennar á Leiu gerir þessa mynd að verðugri sálumessu þessarar stórmerku konu.

Nýju hetjurnar í The Force Awakens standa sig með stakri prýði. Rey og Kylo eru þungamiðjan í þessum þriðja bálki Star Wars og fara á kostum, hvort á sinn hátt. Daisy Ridley er ómótstæðileg sem hin leitandi Rey og Adam Driver keyrir trylling Kylo upp í ellefu en skilar um leið vel þeirri sömu átakanlegu innri baráttu og afi hans átti í forðum.

The Force Awakens sótti full mikið í A New Hope en í The Last Jedi er komið á fullkomið jafnvægi milli þess gamla og nýja þannig að allir fá það sem þeir þrá og þurfa.

The Last Jedi er brakandi fersk Star Wars-mynd sem fetar nýjar slóðir og dekrar við okkur fullorðnu Stjörnustríðsbörnin með vísunum í helstu hápunkta gömlu myndanna þriggja. Snúið er snilldarlega upp á þá og þeir magnaðir svo upp að gæsahúðin hríslast um okkur sem vorum þarna í den.

Ég var að þerra tár meira eða minna alla myndina og grét með ekkasogum undir lokin. Og skammast mín ekkert fyrir þetta enda hefur mér ekki liðið jafn vel síðan ég gekk út úr Nýja bíói í október 1978,

Stjörnuþokan fjarlæga geymir ekki eins margar stjörnur og mig langar að gefa þessari mynd. Þeir sem kveikja ekki á snilldinni hljóta að hafa týnt barninu í sér, hafa aldrei fattað Star Wars eða eru að reyna að spila sig voða intellektúal og töff með því að tala myndina niður.

Við þannig fólk er aðeins eitt að segja: „I find your lack of faith disturbing. Og verið bara heima. Ykkur var aldrei boðið í þetta partí.“ Öll þið hin, góða skemmtun!

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTAÐA: Æsispennandi og skemmtilegt ævintýri. Stjörnustríð eins og við höfum aldrei séð það áður en samt eins fullkomin Star Wars-mynd og alvöru aðdáendur gætu óskað sér. Gæsahúð í tvo og hálfan klukkutíma.

ELDBORG 10. OG 11. ÁGÚST

ÓSKARSVERÐLAUNAMYND Í FULLRI LENGD

YFIR 230 TÓNLISTARMENN Á SVIÐI

SÉRSTAKUR GESTUR
Emilíana Torrini

Hljómleikabíó

THE LORD OF THE RINGS
THE TWO TOWERS
TM

LIFANDI FLUTNINGUR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR, KÓRA OG EINSÖNGVARA

VERÐLAUNATÓNLIST HOWARD SHORE

KÓR SÖNGSVEITAR FÍLHARMÓNÍU · 84 MANNA SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT · BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA

MIÐASALA HAFIN Á HARPA.IS · TIX.IS
OG Í SÍMA 528 50 50

TÓNLEIKUR & SINFÓNÍANORD

WWW.LORDOFTHERINGSINCONCERT.COM

BETRIBILAKAUP.iS
Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777

2017 Mitsubishi Outlander Arctic Phev
Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður
4X4 - Plug In-Hybrid
360° myndarvélakerfi
2 tegundir í boði!
Verð 4.430.000 kr.

2018 Volvo XC90 Hybrid T8
Hannaðu hann eins og þú vilt!
AWD - Plug-In Hybrid
Forpöntun
Afhendingartími er 4-5 mánuðir
Verð 7.390.000 kr.

2017 Kia Optima Phev
Glæsilegur og mjög vel útbúinn
Harman/Kardon hljóðkerfi
Plug-In Hybrid
Hraðastillir með aðlögun
Verð 3.790.000 kr.
Ármúla 4-6, Reykjavík | Firðinum, Hafnarfirði
511 2777 | sala@betribilakaup.is
facebook.com/betribilakaup

Óskar ætti ekki að fara fram hjá neinum í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lýsir sig upp með jólaseríum

Óskar Sæmundsson hefur vakið athygli fyrir skrautlegan klæðnað á hjólinu sínu. Hann vill skapa betra umtal um hjólafólk.

Ég er einn af þeim sem fannst sniðugt að hjóla til vinnu allan ársins hring. Til að brjóta þetta upp þá ákvað ég að fá mér seríur í kringum hátíðarnar," segir Óskar Sæmundsson, starfsmaður Opinna kerfa, en hann hjólar til vinnu skrautlega skreyttur jólaseríum.

Vegfarendur hafa séð Sæmund hjóla á hverjum morgni og brosað í kampinn. „Ég ætlaði fyrst að fá mér hvítar seríur en hugsaði svo af hverju að gera ekki eitthvað skemmtilegt og fara alla leið með marglitum seríum og gleðja þá sem eru gangandi, hjólandi eða akandi á leið í og úr vinnu. Kannski vekur þetta smá bros."

Sæmundur hefur hjólað í þrjú ár í og úr vinnu en Opin kerfi eru til húsa á Höfðabakka en sjálfur býr Óskar í Skeiðarvogi. Hann segist vera búinn að hjóla í kringum 7.000 kílómetra á þessu ári. Hringvegurinn (þjóðvegur númer 1) er 1.332 km og því hefur hann hjólað fimm sinnum í kringum landið.

„Það eru forréttindi að hjóla í og úr vinnu. Ég er stundum eins og litlu krakkarnir því mig langar ekkert inn að vinna. Ég hjóla meira á sumrin. Þá er ég að hjóla frá 40 mínútum og upp í tvo tíma í vinnuna."

Hann segir að hann vilji bæta umræðu um hjólreiðafólk sem honum finnst vera of neikvæð. „Ég vil vera til fyrirmyndar í umferðinni og skapa góða stemningu. Maður reynir að setja gott fordæmi því það er pláss fyrir alla í umferðinni, hjólreiðamenn, göngufólk og bíla." **benediktboas@365.is**

Óskar hjólar til vinnu allan ársins hring. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Geysir Heima, Skólavörðustíg 12. Sængurföt Geysis fást einnig í verslunum Geysis í Kringlunni og á Akureyri. — Sími 519 6000. Geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Besta gjöfin

Í aðdraganda jólanna heyrum við oft að samverustundirnar skipti höfuðmáli. Pakkarnir, hátíðarmaturinn og allt annað sem fylgi sé partur af sviðsmynd en ekki aðalatriði. En þegar þetta er skoðað nánar þá virðist oft sem við forgangsröðum þannig að samverustundirnar mæti afgangi.

Ég er engin undantekning. Sjálf hef ég eytt mörgum aðfangadögum og áramótum í vinnunni, bæði áður en og eftir að börnin komu til sögunnar. Þetta er ekki einsdæmi. Ég mætti heldur ekki í stórafmæli vinkonu minnar fyrir mörgum árum af því að ég var að læra undir lokapróf. Hún hefur hvorki fyrr né síðar haldið upp á afmæli sitt. Skemmtilegar sögur úr afmælinu eru reglulega rifjaðar upp og ég minnt ósjálfrátt á að ég hafi ekki verið til staðar til að samgleðjast.

Af hverju látum við prófalestur, vinnu og jafnvel íþróttaæfingar ganga fyrir samverustundum með okkar nánustu? Erum við jafnvel hrædd um að verða ekki eins góð og hin ef við sláum slöku við í eina kvöldstund? Eða erum við of þreytt eftir annasama daga og mikið álag til að gefa af okkur?

Samkvæmt langtímarannsókn frá Harvard háskóla taldi ungt fólk frægð og frama ryðja slóðina að hamingjunni. Þegar upp var staðið var raunin önnur. Það að eiga góðar stundir með sínum nánustu reyndist gefa greiðustu leiðina að hamingjusömu og innihaldsríku lífi. Við stöndum uppi sem meiri sigurvegarar þegar við eigum góðar stundir með öðrum heldur en á verðlaunapalli eða með enn eitt verkefnið í höfn. Besta gjöfin sem við gefum er nefnilega tíminn okkar.